



1. maí hátíðahöld. „Við þurfum að vera tilbúin að sameina krafta okkar undir merkjum félagsins“ sagði Sverrir Mar, framkvæmdastjóri AFLs í 1. maí ávarpi sínu.

Bls. 10



SPARISJÓÐUR NORÐFJARÐAR
- fyrir þig og þína -

Þóknun stjórnarmanna Sparisjóðs Norðfjarðar hækkuð.

Bls. 6

austur glugginn

Fréttablað Austurlands

fréttæmt
vikublað

17. tbl. - 11. árg. - 2012 - Föstudagur 4. maí

Áskriftarverð kr. 1.400 á mánuði - Verð í lausasölu kr. 450

ISSN1670-3561

Mjólfjörður
Neskaupstaður
Eskifjörður
Reyðarfjörður
Fáskrúðsfjörður
Stöðvarfjörður

ÞÚ ERT Á GÓÐUM STAÐ

FJARDABYGGÐ fjardabyggd.is

SVN
Síldarvinnslan hf
www.svn.is

Ný og betri afgreiðsla á Reyðarfirði

Landflutningar á Reyðarfirði hafa flutt sig um set í stærra og betra húsnæði. Er afgreiðslan opin virka daga frá 9:00-16:00.

Nýja heimilisfangið er:
Landflutningar-Samskip
Nesbraut 10 · 730 Reyðarfjörður
Sími 458 8840
landflutningar@landflutningar.is

Landflutningar SAMSKIP



MENNINGARRÁÐ
AUSTURLANDS

PRÓUNARFÉLAG AUSTURLANDS



Þekkingarnet Austurlands

Stofnfundur sameinaðrar stoðstofnunar í næstu viku

Sérblað um sameiningu austfirskra stoðstofnana bls. 11 – 15.



„Þetta er mjög heillandi verkefni“ segir Þorkell Pálsson, nýráðinn framkvæmdastjóri sameinaðrar austfirskrar stoðstofnunar.



Nýr vettvangur bættra og markvissari samskipta við ríkisvaldið. Viðtal við Jóhannu Sigurðardóttur vegna sameiningarinnar.



„Aukin þjónusta verður nær íbúum Austurlands“ segir Valdimar O. Hermannsson, formaður SSA.

Meðal efnis:

Sigríður Dóra fékk úthlutað úr menningarsjóði Jóhannesar Nordals **bls. 2** • Aðalfundur Náttúruverndarsamtaka Austurlands: Vilja herða eftirlit með veiðum og skotvopnum **bls. 6** • Hljómsveitin Coney Island Babies gefur út sína fyrstu plötu Morning to Kill. **bls. 19** • Jónína Rós: Ósátt við athugasemdir sveitarfélaga á Austurlandi **bls. 2**

BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS

KJARNAFÆÐI

1395 KR. KG

FERSKT KRYDDAÐ HEIÐALAMB

129 KR. KG

FRANSKAR HVÍTAR KARTÓFLUR

1979 KR. KG

KJÚKLINGABRINGUR

Ósátt við athugasemdir sveitarfélaga á Austurlandi

Í síðustu viku greindi Austurglugginn frá því að Jöfnunarsjóður greiddi sveitarfélögunum á Austurlandi um 6 milljónir kr. í heildina vegna breytingarkostnaðar sveitarfélaganna við yfirtöku á málefnum fatlaðra. Kostnaðurinn fyrir austfirsk sveitarfélög nemur hátt í 30 milljónir króna. Í fréttinni kom fram að breytingarkostnaður Fljótisdalsbærs nemi á um þriðja tug milljóna króna. Björn Ingimarsson, bæjarstjóri Fljótisdalsbærs, sagðist verulega óánægður með framlag ríkisins og að sveitarfélagið hefði ráðist í töluverðar breytingar vegna yfirtöku málaflokksins og að þær hafi verið

gerðar „í góðri trú um að sá kostnaður yrði borinn af framlögum frá ríkinu“ og að ekki hafi verið hægt að skilja reglurnar öðruvísi en svo að „ríkið myndi bera þann kostnað“.

Yfirfærslan hefur gengið vel

Jónína Rós Guðmundsdóttir, þingkona Samfylkingarinnar í Norðausturkjördæmi, segir að yfirfærsla á málefnum fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga hafi í heildinni gengið mjög vel. Hún segir að sveitarfélögin og ríkið séu að vinna að því

að efla og auka þjónustu við fatlað fólk, það væru „markmið okkar og þar hafa sveitarfélögin verið að vinna að miklum metnaði“.

En hún er ósátt við ummæli Björns og henni finnst „leiðinlegt að fá svona athugasemdir frá sveitarfélögunum á Austurlandi“. Hún bendir á að greiðslur vegna breytingarkostnaðarins komi til með að halda áfram en áætlað fjármagn til breytingakostnaðar á þessu ári eru um 120 milljónir. Áætlað er að verja um 40 milljónum í greiðslur árið 2013. Framlögín námu 200 milljónir árið 2011.

Tekur ekki til allra breytinga

Jónína segist eiga erfitt með að sjá að ekki hafi verið hægt að skilja reglurnar öðruvísi en að „sveitarfélögunum hafi verið lofað að allar þær breytingar sem gerðar hafa verið yrðu greiddar“. Hún bendir á að það sé t.d. ekki talað um breytingu á skrifstofum í samningnum.

Hún segir að sveitarfélögin verði að vera sanngjörn í sinni gagnrýni og bendir á að það gleymist að reikna inn þann kostnað sem sparast samhliða þeim breytingum sem hafa verið gerðar t.d. húsaleiga.

Aðspurð að því hvort ekki hafi verið hægt að áætla greiðslur vegna breytingarkostnaðar til sveitarfélaga í samræmi við nauðsynlegar breytingar segir hún að „svo megi vel vera en þetta var samkomulagið“.

Ósanngjarnt uppbot

Henni þykir í því ljósi „ósanngjarnt þegar verið væri að vinna með viðkvæman málaflokk að fara af stað með svona uppbot. Við eigum frekar að reyna vinna saman að því að efla málaflokkinn“ segir Jónína og bendir á að samningurinn milli ríkisins og sveitarfélaganna verði endurskoðaður árið 2014 og þá verður „farið yfir málið að nýju“.

Fékk úthlutað úr menningarsjóði Jóhannesar Nordals

Um miðjan apríl var styrkjum úthlutað úr menningarsjóði í nafni Jóhannesar Nordals. Seðlabanki Íslands stofnaði til menningarskyrksins í nafni Jóhannesar í tilefni af 50 ára afmæli Seðlabankans á síðasta ári og þess að Þjóðhátíðarsjóður hefur lokið störfum eftir 35 ára starf. Úthlutunarnefnd ákvað að veita Sigríði Dóru Sverrisdóttur frá Vopnafirði styrk að fjárhæð 900.000 kr. til verkefnisins „Rímur og rokk“. Auk Sigríðar var Páll Valsson valinn til styrkveitingar að upphæð 600.000 kr. til ritunar bókar um ævi Bjarna Thorarensens. Alls bárust 39

styrkumsóknir til úthlutunarnefndar menningarsjóðsins.

Í tilkynningu frá úthlutunarnefnd segir að „í verkefni sínu vinnur Sigríður Dóra Sverrisdóttir með rímur af norð-austurhorni landsins og gerir þær aðgengilegar. Auk þess mun hún halda námskeið í bragfræði fyrir ungumenni þar sem búnar verða til rímur um réttindi og skyldur á vinnumarkaði. Verkefnið miðar að því að viðhalda menningararfi okkar Íslendinga, en enn fremur að því að afhenda menningarverðmætin yngri kynslóðum og kenna þeim að nýta þau í eigin listsköpun.“

Formaður úthlutunarnefndar er Hildur Traustadóttir, fulltrúi í bankaráði Seðlabanka Íslands, en aðrir í nefndinni eru Ásta Magnúsdóttir, ráðuneytisstjóri í mennta- og menningarmálaráðuneyti, og Guðrún Nordal, forstöðumaður Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Sigríður Dóra Sverrisdóttir hlaut jafnframt menningarverðlaun SSA árið 2011 á síðasta aðalfundi SSA fyrir að hafa „á óeigingjarnan hátt lagt mikið af mörkum við uppbyggingu menningar og lista á Vopnafirði, Austurlandi og raunar landinu öllu“.

„Þetta er mjög heillandi verkefni“

segir Þorkell Pálsson, nýráðinn framkvæmdastjóri sameinaðrar austfirskrar stöðstofnunar.

Þorkell Pálsson, viðskiptafræðingur MBA, var ráðinn framkvæmdastjóri nýrrar sjálfseignastofnunar fyrr í vetur. Hann hóf formlega störf þann 1. apríl sl. Þorkell sem er fæddur og uppalinn á Akureyri hefur síðustu 14 ár unnið við ýmis breytingaverkefni sem stjórnunar- og rekstrarráðgjafi á sviði alþjóðaviðskipta og endurskipulagningar fyrirtækja. „Þetta er uppbyggingarverkefni og spennandi tækifæri að fá kost á því að sameina krafta úr ýmsum áttum“ segir Þorkell.

„Mér líst mjög vel á mig hér fyrir Austan“

„Þetta er mjög heillandi verkefni og sem tengist minni starfsreynslu“

segir Þorkell. „Verkefni nýrrar stöðstofnunar eru fjölbreytt og margbreytileg og því áskorun að leiða þá uppbyggingu sem framundan er.“ Aðspurður út í það hvernig honum líki við sig á Austurlandi. „Ég er mjög ánægður með að vera kominn austur og kann vel við mig“ segir Þorkell, brosandí.

Aukin verkefni sveitarfélaga kalla á öflugan samstarfsvettvang

„Ný stöðstofnun verður öflug og mun bjóða upp á góða þjónustu um allan fjórðunginn. Við höfum mjög hæft starfsfólk og vel mótaða hugmynd um tilgang og markmið enda var mjög vel staðið að undirbúningi.



Þorkeli líst vel á einingarnar sem verið er að sameina og segir t.a.m. að Þekkingarnetið sé „mjög vel samansett og þau hafa verið að gera góða hluti, það er mikilvægt að byggja áfram á því. Próunarfélagið þarf að styrkja og það verði gert áður en langt um líður.“ Þorkell segir að gert sé ráð fyrir því að starfrækja allar starfstöðvarnar áfram og efla þær frekar en hitt, „stærstu starfstöðvarnar eru og verða á Héraði og í Fjarðarbyggð á því verður ekki breyting“.

Hann telur að hægt sé að auka samvinnu sveitarfélaga á Austurlandi og telur að þar muni ný stofnun koma til með að gagnast sem öflugur samstarfsvettvangur. „Ég held að þróun undanfarinna ára á þá leið

að sveitarfélögin taki að sér aukin verkefni frá ríkinu haldi áfram. Þessi þróun kallar á sterka einingu sem getur aukið slagkraftinn á mörgum sviðum, getur jafnframt í ýmsum tilvikum verið sveitarfélögunum til ráðgjafar og sem tengiliður í samskiptum við ríkið“ segir Þorkell.

Spennandi að takast á við mismunandi sjónarmið og áherslur

Aðspurður um það hvort hann óttist ekkert sundurlyndisfjandann segir Þorkell að „það mun reyna á mismunandi væntingar og áherslur, það er bara eðlilegt og ég óttast það ekki. Það verður spennandi verkefni að reyna sameina mismunandi sjónarmið og áherslur.“

Alcoa Fjarðaál og Samfélagssjóður Alcoa

Yfir 142 milljónir til samfélagsverkefna á Austurlandi 2011



Alcoa Fjarðaál og Samfélagssjóður Alcoa í Bandaríkjunum afhentu í gær, 25. apríl, rúmlega 27 milljónir króna í samfélagsstyrki til rúmlega þrjátíu félagasamtaka og stofnana á Austurlandi. Á síðasta ári námu samfélagsstyrkir Fjarðaáls og samfélagssjóðsins hér á landi rúmlega 142 milljónum króna, sem var varið til um 50 aðila. Þá runnu tveir stærstu einstöku styrkirnir til Vína Vatnajökuls annars vegar og Háskólans í Reykjavík hins vegar, en HR vinnur um þessar mundir að því að efla þekkingarsamfélagið í Fjarðabyggð í samstarfi við Verkmenntaskóla Austurlands og Þekkingarnetið.

Alcoa Fjarðaál og Samfélagssjóður Alcoa í Bandaríkjunum afhentu rúmlega 27 milljónir króna í samfélagsstyrki til rúmlega þrjátíu félagasamtaka og stofnana á Austurlandi.

Á síðasta ári námu samfélagsstyrkir Fjarðaáls og samfélagssjóðsins hér á landi rúmlega 142 milljónum króna. Þeir sem hlutu hæstu styrkina að þessu sinni voru Landeigendafélag

Jökulsár á Dal, Kirkju- og menningarmiðstöðin á Eskifirði, Knattspyrnufélag Fjarðabyggðar og Höttur á Egilsstöðum. Meðal annarra styrkþega má nefna Jasshátíð Austurlands, Vídeolistahátíðina Hreindýraland.is, Foreldrafélag Seyðisfjarðarskóla, Hollvinasamtök Fjórðungssjúkrahússins í Neskaupstað og Náttúrustofu Austurlands, svo fáeinir séu nefndir.

Landeigendafélag Jökulsár á Dal, Kirkju- og menningarmiðstöðin á Eskifirði, Knattspyrnufélag Fjarðabyggðar og Höttur á Egilsstöðum hlutu hæstu styrkina í ár.

Landeigendafélag Jökulsár á Dal hlaut styrk að upphæð 3,5 milljónir króna frá Samfélagssjóði Alcoa í Bandaríkjunum í verkefni sem hefur að markmiði að byggja Jökulsá upp sem laxveiðiá. Áin hefur sem kunnugt er verið stífluð við Kárahnjúka og stendur nú til auka seiðasleppingar í ána og byggja laxastiga. Standa vonir til að unnt verði að gera ána að spennandi laxveiðiá fyrir innlenda og erlenda veiðimenn.

Foreldrafélag Seyðisfjarðarskóla hlaut fjárstuðning til kaupa á tölvubúnaði. Búnaðurinn er ætlaður til nota fyrir bæði nemendur skólans en einnig á námskeiðum sem aðrir í bænum sækja. Í því sambandi má m.a. nefna endurmenntunarnámskeið í skólanum fyrir fullorðna, fatlaða einstaklinga og fleiri aðila.

Styrknum til Hollvinasamtaka Fjórðungssjúkrahússins á Neskaupstað verður varið í að rannsaka árangur offitumeðferðar á sjúkrahúsinu. Í umsókn hollvinasamtakanna um styrkinn var bent á þá staðreynd að Íslendingar eru nú meðal feitustu þjóða heims. Til að stuðla að sem bestum árangri í meðferð við offitu sé nauðsynlegt að kanna árangur af þeim meðferðarúrræðum, sem boðið er uppá í heilbrigðiskerfinu.

Náttúrustofa Austurlands mun nota styrkinn til að bæta aðgengi að Fólkvanginum í Neskaupstað, en hann var sá fyrsti sinnar tegundar hér á landi. Fólkvangurinn var formlega friðlýstur árið 1972 og verður því 40 ára á þessu ári.



FRAMMISTAÐA VIKUNNAR

Það var um fátt annað rætt en fótbolta, forsetaframbjóðendur og úrslitaeinvígi Fljótshéraðs og Grindavíkur í Útsvari framan af vikunni. Allir voru sammála um það að Fljótshérað hefði átt skilið að vinna, sérstaklega vegna frammistöðu ársins við leikræna túlkun en þar bar frammistaða Stefáns Boga af með túlkun sinni á álku. Liðið þykir einstaklega skemmtilegt og er vel samsett og samstillt og það kæmi mér ekkert á óvart ef liðið hefði hífð upp meðaláhorf landsmanna á Ríkissjónvarpið.

Í stað þess að vera enn eitt liðið sem tapaði gegn Suðurnesjaliði tókst þeim að vera skemmtilega liðið sem tapaði fyrir Suðurnesjaliði. En nú hefur liðið fengið smjörþefinn af sigri og því ekkert annað í stöðunni en að klára ferilinn með sæmd. Í ljósi ört vaxandi vinsælda liðsins og hækkingu meðaláhörfs er ljóst að skora þarf á liðið til að halda áfram þátttöku í næstu keppni og verða „skemmtilega liðið sem vann“. Eg skora því á þau að halda áfram, Austurlandi, sjónvarpinu, Útsvari og Jökuldal til heilla.

*Lífð heil,
Ragnar Sigurðsson*

austur glugginn

fréttarnám
vikuþað

**Viltu auglýsa í
Austurglugganum?**
Auglýsingasíminn er
891 6484

Um 100 manns ráðin til sumarafleysinga

„Liðlega 450 manns sóttu um sumarstörf hjá Alcoa Fjarðaáli og hafa rúmlega eitt hundrad manns verið ráðin úr þeim hópi. Það er svipaður fjöldi og undanfarin ár“ segir í fréttatilkynningu frá Alcoa Fjarðaáli. Guðný Björg Hauksdóttir, framkvæmdastjóri mannaúðsmála hjá Fjarðaáli, segir að um 40% þeirra sem ráðin voru hafi áður starfað í sumarafleysingum hjá fyrirtækinu. Hún segir ennfremur að í kringum 60% þeirra sem sækir um sumarstörf séu að austan eða eigi nákomna ættingja þar. „Um 30% koma af höfuðborgarsvæðinu og Suðurlandi og 10% koma að norðan,“ segir Guðný.

Hjalli



Forsetaframbjóðandi mætti ekki á eigin fund

Athygli vakti í vikunni að svo virtist sem blaðamaður fréttasíðunnar agl.is var sá eini sem mætti á fundi Hannesar Bjarnasonar, forsetaframbjóðanda, á Eskifirði í vikunni.

Ekkert sást til Hannesar en fram kemur í frétt agl.is að til hans hafi sést fimmtán mínútum eftir auglýstan fundartíma og að hann hafi þá komið að læstum dyrum. „Hann sást ekki meir. Hann var einn á ferð“ segir á vefsíðunni.



Vísnahornið

Það hefur ekki farið fram hjá neinum að vorið er að kræla á sér. Það er að vísu langt síðan að það gerði vart við sig en svo kólnaði aftur. Við getum víst átt von á því að svo verði áfram enda ekki á vísan að róa í þeim efnum. Hér eru tvær vorvísur eftir Skagfirðinginn Jóa í Stapa.

Eftirvænting aukast finn
eftir sól og hlýju.
Þegar fyrsti fífillinn
fagnar vori nýju.

Strax ég gleymi kulda og klaka.
Kveiki þráðan eld í hjarta.
Mig langar til að lifa og vaka
og líða inn í vorið bjarta.

Fyrir stuttu bárust vísnahorninu þrjár vísur eftir Hallveigu Guðjónsdóttur, frá Heiðarseli og síðar á Dratthalastöðum. Hér er ort um öflugt útsvarslið, illa menn og sumardaginn fyrsta.

Útsvar
Ingunn, Stefán og Steini eru,
staðföst og djörf í senn.
Lífð á þeirra ljósaperu,
lífgar og hressir Héraðsmenn.

Blessað vorið

Illir menn

Landið með ljósaskrautum
laðar að sér ríka menn.
Sem eru á illum brautum,
með andlitin tvenn og þrenn.

Sumardagurinn fyrsti, 21.apríl 2012.

Sumardagurinn fyrsti
sveiflaðist hér í gær.
Karlar frúnar kysstu,
og klöppuðu þeim á lær.

Hér er svo að lokum ein eftir Philip Vogler. Hann lýsir upplifun sinni af helgi þar sem hann og kona hans sinntu bæði vorverkum og heima fyrir en einnig vinnu sinni.

Yfir vinnu gleði
Duga eða drepast skalt,
það dugir ekki minna.
Brostu svo um andlit allt,
enn er fleiru að sinna.

Þá lét ég þetta duga að sinni. Minni á netföngin
glumur2@centrum.is og frett@austurglugginn.is

Vísnaðveðja, Glúmur

austur glugginn

BÚÐAREYRI 7, 730 REYÐARFJÖRÐUR

Ritstjóri & ábyrgðarmaður: Ragnar Sigurðsson • frett@austurglugginn.is • Fréttasími: 477 1750

Auglýsingastjóri og þjónusta við áskrifendur: Guðmundur Y Hraunfjörð • 477 1571 & 891 6484 - auglysing@austurglugginn.is

Fréttaritari í Neskaupstað: Áslaug Lárusdóttir s. 695 8498 - aslaugl@gmail.com • Fréttaritari á Vopnafirði: Bjarki Björgólfsson s. 865 7471 - kompan@vortex.is.

Útgáfandi: Útgáfufélag Austurlands ehf. • Umbrot og prentun: Héraðsprent.

nettó

Kræsingar & kostakjör

LAMBALÆRI

PAKKAÐ, FROSID

GÓÐI

VERÐ NÚ

1.180

ÁÐUR 1.388 KR/KG

VERIÐ VELKOMIN Í NETTÓ

KJARNAFÆÐI

KIELBASA PYLSUR

5 STK. 250 G

VERÐ NÚ

247

ÁÐUR 298 KR/PK

KJÚKLINGALEGGIR

BBQ

35% AFSLÁTTUR

VERÐ NÚ

649

ÁÐUR 998 KR/KG



GRÍSALUNDIR

FERSKAR

25% AFSLÁTTUR

VERÐ NÚ

1.499

ÁÐUR 1.998 KR/KG

PEPSI MAX

-33 CL
99-KR/STK

79 KR
STK

50% AFSLÁTTUR

PERUR

FERSKAR

VERÐ NÚ

115

ÁÐUR 229 KR/KG

KLEINUHRINGIR

BAKAÐ Á STAÐNUM

VERÐ NÚ

95

ÁÐUR 189 KR/STK.

50% AFSLÁTTUR

www.netto.is

| Mjódd · Salavegur · Hverafold · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss |
Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

SparNor hækkar þóknun stjórnarmanna

Aðalfundur Sparisjóðs Norðfjarðar 2012 fyrir rekstrarárið 2011 fór fram þann 29. mars sl. Rekstrarárið hefur verið mjög annasamt en sparisjóðurinn var settur í opið söluferli á síðasta ári en ákveðið var svo að hætta við áform um sölu eftir að óviðunandi tilboð barst í sparisjóðinn. Í kjölfarið var ákveðið að fara í umtalsverðar hagræðingaraðgerðir sem fólu í sér lokun útibúsins á Reyðarfirði sem hafði verið starfrækt frá árinu 1998, uppsögn starfsfólks þar og einum starfsmanni í Neskaupstað, sölu eigna og lekkun stjórnunarkostnaðar. Á aðalfundinum var ákveðið að hækka þóknun stjórnarmanna Sparisjóðsins. Fjarðalistinn hefur mótmælt hækkuðuninni og segir hana úr öllum takti við þær hagræðingaraðgerðir sem Sparisjóðurinn hefur farið í.

Á aðalfundinum var tekin sú ákvörðun að samþykka tillögu sem fól í sér hækkun þóknunar stjórnarmanna Sparisjóðs Norðfjarðar úr 45.000 kr. á mánuði í 75.000 kr. á mánuði. Jafnframt var ákveðið að stjórnarformaður Sparisjóðsins yrði með tvöfalda þóknun eða 150.000 kr. á mánuði. Á fundinum mótmælti Gunnar Hjaltason hækkun þóknunar og bar upp breytingartillögu um að þóknunin yrði kr. 50.000 á mánuði. Því var hafnað og upprunalega tillagan var samþykkt í kjölfarið.

„Nauðsynlegt að greiða sanngjarna þóknun“

Karl Finnbogason, starfsmaður Bankasýslu ríkisins, segir að

hækkunin eigi sér eðlilegar skýringar. Rökin fyrir hækkun stjórnarlauna eru m.a. auknar kröfur sem gerðar eru til stjórnarmanna í fjármálafyrirtækjum. Aukin ábyrgð hvílir á herðum þeirra sem slíkum störfum sinna og því rétt að laun taki mið af því að einhverju leyti. Stjórnarmenn í fjármálafyrirtækjum útiloka sig frá störfum og annarri stjórnarsetu að hluta. Laun höfðu ekki tekið breytingum um nokkurt skeið og því má segja að kominn hafi verið tími á leiðréttingu. Á aðalfundi Sparisjóðs Vestmannaeyja, sem Bankasýslan fer einnig með hlut í, var sambærileg þóknun samþykkt eða 75.000 krónur fyrir aðalmann og tvöfalt fyrir formann. „Til að tryggja hæft fólk í stjórnun sparisjóða er nauðsynlegt að greiða

sanngjarna þóknun fyrir framlagða vinnu“ segir Karl. Jón Einar Marteinsson, stjórnarformaður Sparisjóðs Norðfjarðar, bendir á að stjórnarlaun í Sparisjóði Norðfjarðar hafi verið lægri en hjá öðrum sparisjóðum fram til þessa.

Þeir segja að þóknunin hafi ekki verið í neinu samræmi við þá vinnu sem lögð væri fram og gerðar væru miklar hæfniskröfur til stjórnarmanna.

Bankasýsla ríkisins er stærsti hluthafi sparisjóðsins með 49,5% stofnfjárlut. Fjarðabyggð er annars stærsti hluthafinn og fer með 22,4% stofnfjárlut í sparisjóðnum.

Óskað eftir tillögum að nafni sameinaðs leikskóla

Leikskólarnir Tjarnarland og Skógarland á Egilsstöðum verða sameinaðir frá og með næsta skólaári.

Fræðslunefnd Fljótssdalshéraðs leitar nú til íbúa um tillögur að nafni á sameinaðan leikskóla, en ákveðið hefur verið að sameinuð stofnun fái nýtt nafn. Óskað er eftir tillögum um nafn og skulu þær sendar á netfangið olof@egilsstadir.is, eigi síðar en 15. maí nk. Nöfnin Tjarnarland og Skógarland verða áfram notuð yfir starfsstöðvarnar tvær.

Vilja herða eftirlit með veiðum og skotvopnum

Náttúrverndarsamtök Austurlands (NAUST) héldu aðalfund þann 14. apríl sl. á Egilsstöðum. Í fréttatilkynningu samtakanna segir að það hljóti að vekja athygli að fjórðungur þeirra fálka sem finnast dauðir hafi verið skotnir. Í áskorun samtakanna sem samþykkt var á fundinum segir að „að undanförmu hafa borist fréttir af því að verið sé að skjóta friðlýsta fugla. Þannig fannst nýverið dauður fálki á Mýrum í Hornafirði og voru 7 högl í hræinu. Að skjóta fálka er aldrei mistök. Fjórðungur fálka sem finnast dauðir á Íslandi eru með högl í sér sem væntanlega er aðeins brot af þeim fjölda fálka sem skotnir eru þrátt fyrir algera friðun. Fleiri friðaðar fuglategundir hafa verið skotnar þ.a.m. bjartmáfar, skúmar og ýmsar andategundir sem einnig eru friðaðar. Að skjóta friðaða fugla er ekki veiði heldur dráp sem kemur óorði á alla veiðimenn. Reglan hlýtur ávallt að vera sú að skjóta ekkert sem ekki er örugglega greint til tegundar.“ Í áskoruninni er lögð áhersla á að eftirlit með ólöglegum veiðum verði

bætt og tekið fram að gott eftirlit sé með hreindýraveiðum á meðan nær ekkert eftirlit sé með fuglaveiðum. NAUST leggur áherslu á að þeir sem stoppa upp fugla stoppi ekki upp friðaða fugla heldur tilkynni til lögreglu þau hræ sem þeim berast.“

Vilja úrbætur á skotvopnalögum

Í ályktun aðalfundarins segir að „því miður er ljóst að nokkuð er um að menn noti ólögleg vopn til fuglaveiða, hlaðinn miklu fleiri skotum en leyfilegt er“. Skorað er á stjórnvöld að „takmarka strax innflutning á vopnum sem ekki uppfylla löggjöf um veiðar enda ekki ástæða til að heimila innflutning á vopnum sem ekki má nota. Herða þarf eftirlit, viðurlög og sektir með ólöglegum vopnum, þar sem vopnum hefur verið breytt með ólöglegum hætti eftir að þau komast í hendur eigenda. Það eru fáir, ósvífnir einstaklingar sem nota ólögleg vopn til fuglaveiða en atferli þeirra kemur

óorði á alla veiðimenn. NAUST hvetur veiðimenn að leita allra ráða til að gera brotamönnum ljóst hverjar afleiðingar gerða þeirra kunna að verða fyrir þá sem ávalt fara að lögum.“

Á fundinum var einnig samþykkt ályktun þar sem hvatt er til hófsamrar eggjatíslu. „Á undanförmum árum hefur orðið vart við aukna ásókn í fuglaegg á Austurlandi. Svo hart er gengið fram að jafnvel er hreinsað hvert einasta egg úr hreiðrum en ekki virt sú forna hefð að skilja ávallt eftir egg í hreiðri“ segir í ályktuninni. Skorað er á „þá sem til þekkja að uppfræða eggjatíslufólk um alvarleika þess að hreinsa hreiður alfarið“.

Á fundinum var kosinn ný stjórn NAUST en hana skipa Skúli Benediktsson, Kristín Jónsdóttir, Hildur Þórðardóttir og til vara; Jónína Óskarsdóttir og Þórhallur Þorsteinsson.

Tryggðu þér áskrift að fréttablaði Austfirðinga




Skopmynd vikunnar - Vísahorn
Austfirsk málefni krufin til mergjar
Menningarviðburðir - Íþróttir - Sérblöð
Fréttabréf Fljótssdalshéraðs - Fréttabréf Fjarðabyggðar.
Veljum austfirskt alla leið...

Sendu netpóst á auglysing@austurglugginn.is
eða hringdu í síma 477-1571.



ÁTTU MIÐA?



Nýtt happdrættisár
byrjar í maí

ÞEGAR ÞÚ KAUPIR MIÐA Í HAPDRÆTTI DAS
STYRKIR ÞÚ MÁLEFNI ALDRADRA.
ÞAU EIGA ÞAÐ SKILIÐ!

MILLJÓNAVINNINGAR

Alls er dregið um 47 þúsund vinninga á árinu að heildarverðmæti 844 milljónir kr.



FIMM × NISSAN QASHQAI!

Á einfaldan miða getur þú unnið Nissan Qashqai
að verðmæti 5 milljónir kr. eða 5 milljónir í peningum.

Miðaverð 1.100 kr. á mán. fyrir einfaldan miða.

FIMM × RANGE ROVER EVOQUE!

Á tvöfaldan miða getur þú unnið Range Rover Evoque
að verðmæti 10 milljónir kr. eða 10 milljónir í peningum.

Miðaverð 2.200 kr. á mán. fyrir tvöfaldan miða.



Kauptu miða á www.das.is eða í síma 561 7757.

dregið í hverri viku



Klausturkaffi

VORIÐ ER KOMIÐ Á KLAUSTRI
OPIÐ ALLA DAGA Í MAÍ KL. 12-17
Hádegis- og kaffihlaðborð um helgar.

ÁTTU LEIÐ Á ORMSSLÓÐIR?

Sýningar um Lagarfljótsorminn og Fljótið.
Tökum á móti hópum við öll tækifæri.
Skoðið matseðla á
heimasíðu eða hafið
samband!
Ert þú búinn að
kíkja í glerskálann?



klausturkaffi@skriduklaustur.is
Sími: 471 2992 - www.skriduklaustur.is

Rómaðar veitingar á einstökum stað



VERKMENNTASKÓLI
AUSTURLANDS

Samvinna - þekking - árangur

Mýrargötu 10 · 740 Fjarðabyggð · Netfang: va@va.is · Sími: 477 1620 · Fax: 477 1852 · Vefang: va.is

Umsóknarfrestur um skólavist í dagskóla á haustönn 2012 rennur út 8. júní nk. Sótt er um skólavist á vefnum menntagatt.is

Við skólann er í boði:

Nám til stúdentsprófs

Aljóðabraut:

Ferðamálafræði
Hagnýt málafræði

Félagsfræðibraut

Almenn félagsgreinalína
Heilbrigðisfræði

Listnámsbraut

Myndlistalína
Textil og vöruhönnunarfræði

Náttúrufræðibraut

Almenn náttúrufræðilína
Verkfræðilína
Heilbrigðisfræði

Umhverfis- og auðlindabraut

Nám á styttri brautum

Framhaldsskólabraut
Íþróttalína (hægt að taka með öllum brautum)
Félagsliðabraut (kvöldskóli)
Skrifstofubraut (kvöldskóli)
Matartækni (kvöldskóli)
haustið 2012 ef næg þátttaka fæst)

Flestar námsgreinar dagskóla má stunda í fjarnámi

Heimavist, öflugt félagslíf, frábær íþróttaaðstaða

Nýtt námsskipulag í formi spanna og verkefnatíma

Hraðbraut fyrir nemendur sem vilja ljúka námi á skemmri tíma

Skólameistari

Umhverfis- og auðlindafræði Stúdentspróf í fjarnámi



Heildstætt fjarnám til stúdentsprófs með sérhæfingu í auðlinda- og umhverfisfræði

Allir áfangar brautarinnar kenndir á netinu

Góður undirbúningur undir háskólanám á þessu sviði

Hentar fólki í tengdum greinum sem vilja bæta þekkingu sína

Nánari upplýsingar í síma 470 8070,
í tölvupósti á skolameistari@fas.is
og á www.fjarmenntaskolin.is



Framhaldsskólinn í
Austur-Skaftafellssýslu



Menntaskólinn
á Tröllaskaga



Fjölbrautarskóli
Snæfellinga



Menntaskólinn
á Egilsstöðum

Kjötmiklar og fitulitlar kalkúnapylsur

Holl og ljúffeng máltíð

grafika / Gubbi Anna 2011

Hefur þú prófað kalkúnapylsur?

Kalkúnapylsurnar frá Ísfugli eru kjötmiklar, bragðmiklar og fitulitlar. Pylsurnar eru frábærar sem staðgóð hversdagsmáltíð með kartöflumús eða kartöflusalati. Það er einnig gott að dýfa þeim í sinnep eða tómatsósu og fá sér kaldan pilsner með. Það má nota þær í eggjakökur og pottrétti og fleira.



Smakkaðu kalkúnapylsurnar frá Ísfugli
og myndaðu þér skoðun!



Íslensk
framleiðsla



Reykjavegi 36, Mosfellsbæ
Sími: 566 6103, Fax: 566 6762
isfugl@isfugl.is, www.isfugl.is

„Vinna er velferð“

voru upphafsorð ræðuhalda hátíðardagskrár AFLs starfsgreinafélags á Egilsstöðum í tilefni baráttudags launafólks og verkalyðshreyfingarinnar, 1. maí. Viðsvegar um Austurland bauð AFL upp á dagskrá í tilefni dagsins með ávarpi, ýmsum skemmti- og tónlistarviðburðum og að sjálfsögðu kaffihlaðborðum.

Velferðarkerfið er brothætt

Sverrir Mar Albertsson, framkvæmdastjóri AFLs, flutti ávarp fyrir þéttsetnum sal launamanna á Hótel Héraði. Sverrir fór yfir stöðuna í dag og sagði að atvinnuleysi á Íslandi færi minnkandi en erfitt væri að fullyrða um ástæður þess að hlutfallið væri á niðurleið. „Öryggisnetið okkar, velferðarkerfið sem við höfum fórnað svo miklu fyrir í gegn um tíðina er brothætt og var það umfjöllunarefni á ársfundi trúnaðarmanna félagsins í síðasta mánuði. Ekki síst ræddu trúnaðarmenn félagsins aðkomu verkalyðshreyfingarinnar að velferðarkerfinu – upphafi þess, þróun og hvernig því hefur vegnað. Og það vekur athygli að í tveimur málaflökkum – þar sem verkalyðshreyfingin var skipulega útilokuð á árum frjálshyggjunnar, húsnæðismálum þeirra efnaminni og málefnum atvinnulausra – farnast okkur ekki vel. Félagslegt húsnæði er varla til á landinu lengur – nema þá þær íbúðir sem sveitarfélög eiga og ráðstafa til einstakra fjölskyldna sem tímabundnu úrræði hverju sinni – en langtímaúrræði eins og buðust hér áður fyrr – finnast ekki lengur“ sagði Sverrir.



Systurnar og fiðluleikararnir Rán og Briet, Finnsdætur, sýndu mikla takta við fiðluleik.

Öll hagsmunabarátta er „pólitík“

Sverrir gerði pólitík og aðkomu verkalyðsfélaga og forystufólki þeirra að þeim að umtalsefni. Hann sagði að það hefði verið í tísku undanfarin ár að „halda því fram að verkalyðsfélög og forystufólk þeirra eigi að vera ópólitísk – sem eru öfugmæli í sjálfu sér því öll hagsmunabarátta og verkalyðsbarátta ekki síst, er pólitík“ sagði Sverrir sem telur fólk eflaust rugla saman pólitík og flokkspólitík en það vill eflaust ekki tengja verkalyðsfélög við ákveðna stjórnmálaflokka. „En



Nemendur úr Fellaskóla fluttu tónlistaratrði.



„Stjórnmál snúast um það að hafa áhrif á samfélagið og það er það sem verkalyðshreyfingin snýst um“ sagði Sverrir Mar Albertsson í 1. maí ávarpi sínu.

stjórnmál snúast um það að hafa áhrif á samfélagið og það er það sem verkalyðshreyfingin snýst um“ sagði Sverrir.

Hann sagði að „næsta ár verður erfitt fyrir okkur öll. Baráttan um hagsmuni ólíkra hópa og sumir segja, auðævi Íslands, stendur nú sem hæst. Ríkisstjórnin stendur veik með nauman meirihluta og hvort heldur henni tekst að sitja út kjörtímabilið eða ekki, stefnir í harða kosningabaráttu á næstu mánuðum og miss-erum. Í þeirri kosningabaráttu verður hart tekist á og ekki síst um þessa miklu hagsmuni sem eru í umræðunni nú. AFL Starfsgreinafélag hefur fjallað um aðkomu forystufólks hreyfingarinnar að stjórnmálum og ársfundur trúnaðarmanna félagsins 2011 beinlínis hvatti til þess að verkalyðshreyfingin og forystumenn hennar gerðu sig gildandi í stjórnmálaumræðu og þátttöku“.

Frumvarp um breytingar á stjórn fiskveiða harðlega mótmælt

Sverrir fór vel yfir möguleg áhrif frumvarpa um breytingar á stjórn fiskveiða og sagði að útgerðarmenn og handhafar kvóta verji nú stöðu sína en „aðrir sem vilja fá aðgang að miðunum sækja á og stjórnmálamenn sjá góða stöðu sjávarútvegs og vilja sneið af kökunni í formi auðlindaskatts. Í þessa umræðu blandast svo tilfinningaþrungin umræða með skírskotun til réttlætis og fólk sem hefur aldrei haft minnstu afskipti af fiskveiðum eða vinnslu krefst þess að aflahlutdeildir séu gerðar upptækar og það í nafni réttlætis. Ef það er óréttlæti að 2% þjóðarinnar hafi aðgang að fiskveiðum – ýmist sem handhafar kvóta eða sem sjómenn á skipum sem veiða þennan kvóta – þá vaknar spurning hvort réttlætið verður meira ef 4% fá þennan aðgang – eða 10% þjóðarinnar. Er meiningin að réttlætið verði ekki fullkomið fyrr en öll þjóðin getur röið til fiskjar hvenær sem fólkí dettur það í hug?“ spurði Sverrir.

Hann sagði áhrif frumvarpana grafalvarleg „í fyrsta lagi þá eru hin hefðbundnu fiskvinnslufyrirtæki burðarásar hvert í sínu byggðarlagi og menn geta haft ólíkar skoðanir á þessum fyrirtækjum



Karلاكórinn Drífandi

– hvort þau eru góð og vel rekin eða ekki – en það breytir ekki því að minni byggðarlög standa og falla með sínum fyrirtækjum og vanhugs- aðar aðgerðir geta haft alvarlegar afleiðingar fyrir afkomu heilla byggðalaga. AFL Starfsgreinafélag hefur ályktað um þau frumvörp sem liggja fyrir alþingi núna – og félagið mótmælir harðlega þeim tilflutningi á kvóta sem fyrirhugaður er frá hefðbundnum útgerðarfyrirtækjum til strandveiði- og annarra ráðherraúthlutunarpotta“ sagði Sverrir í ávarpi sínu.

Litlar líkur á að forsendur samninga standist skilyrði

Sverrir lauk svo ávarpinu á því að geta þess að endurskoðun kjarasamninga fer fram í janúar á næsta ári. „Litlar líkur eru á að forsendur þeirra mundi standast þau skilyrði sem samningarnir gera ráð fyrir. Mögulega munu samningsaðilar bregðast við með að treysta forsendur þeirra með því að bæta inn í samningana. Hinn möguleikinn er uppsögn samninga. Við þurfum að vera tilbúin að sameina krafta okkar undir merkjum félagsins áður en við mætum að samningaborðinu bæði til að standa vörð um kjör okkar og vegna annarra sameiginlegra hagsmuna“ sagði Sverrir.

AUSTFIRSKAR STOÐSTOFNANIR

SAMEINING AUSTFIRSKRA STOÐSTOFNANA

Stofnfundur sameinaðrar austfirskrar stoðstofnunar verður haldinn í Fróðleiksmolanum, Búðareyri 1, Reyðarfirði þriðjudaginn 8. maí kl. 13. Sjálfseignarstofnunin verður til við sameiningu Þekkingarnets Austurlands (ÞNA), Þróunarfélags Austurlands (ÞFA), Menningarráðs Austurlands (MRA) og Markaðsstofu Austurlands (MA) auk þess sem hún mun annast daglega starfsemi Sambands sveitarfélaga á Austurlandi (SSA).

Um er að ræða fyrstu stofnun sinnar tegundar á Íslandi og hefur ríkisvaldið hvatt aðra landshluta til að fylgja fordæmi Austfirðinga, samanber Sóknaráætlun 20/20. Markmið hinnar nýju stofnunar er að vinna að hagsmunamálum íbúa, sveitarfélaga, fyrirtækja og stofnana á Austurlandi og veita samræmda þjónustu tengda atvinnulífi, menntun og menningu með starfsstöðvum víða um fjórðunginn.

Undirbúningur að þessari sameiningu hefur átti sér stað í tveimur áföngum. Fyrri áfanga lauk með skýrslu vinnuhóps SSA, „Endurskoðun á stoðkerfi atvinnulífs, menntunar og menningar á Austurlandi“, sem kynnt var á aðalfundum SSA og austfirskra stoðstofna

ana á síðasta ári. Seinni áfanginn hófst haustið 2011 með skipan verkefnisstjórnar sem í áttu sæti:

- Valdimar O. Hermannsson, formaður stjórnar SSA og verkefnisstjórnar,
- Stefán Bogi Sveinsson, varaformaður stjórnar SSA,
- Arnbjörg Sveinsdóttir, úr stjórn SSA,
- Sverrir Mar Albertsson, framkvæmdastjóri AFLS-Starfsgreinafélags - tilnefndur af ÞNA,
- Rögnvaldur Ólafsson, forstöðumaður Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands – tilnefndur af ÞNA,
- Auður Anna Ingólfssdóttir, hóteltýra á Hótel Héraði – tilnefnd af ÞFA
- Skúli Björn Gunnarsson, forstöðumaður Gunnarsstofnunar – tilnefndur af MA
- Kristján Ingimarsson, tilnefndur af MRA

Með verkefnisstjórn starfaði Stefanía G. Kristinsdóttir verkefnisstjóri. Þorkell Pálsson hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri hinnar nýju stofnunar og hóf störf 1. apríl.

Yfir 30 stofnaðilar eru að hinn sam-einuðu stoðstofnun. Þar á meðal eru öll sveitarfélögin á Austurlandi, allir háskólar landsins, helstu fagstofnanir, stéttarfélög og hagsmunasamtök atvinnulífsins, framhaldsskólar og þekkingarsetur á Austurlandi. Verkefnisstjórn lítur svo á að þetta sé fyrsti áfanginn í endurskoðun á stofnanaumhverfi landshlutans og horft er til þess að fleiri verkefni muni renna inn í sameinaða stofnun í framtíðinni, sjá mynd. Það er samdóma álit stofnenda og stjórnvalda að sameinuð stofnun skapi forsendur fyrir frekari flutningi verkefna frá ríki til landshlutans.

Á stofnfundinum verður kosið í stjórn og fagrað fyrir hina nýju stofnun, undirritaðir samningar við ríkisvaldið og fleiri aðila. Þá verður og kynnt nafn og merki stofnunarinnar.



Þorkell Pálsson, framkvæmdastjóri, Valdimar O. Hermannsson, Auður Anna Ingólfssdóttir, Sverrir Mar Albertsson, Stefanía G. Kristinsdóttir, Stefán Bogi Sveinsson, Arnbjörg Sveinsdóttir, Skúli Björn Gunnarsson og Kristján Ingimarsson.

HVAÐ MÁ SAMEINA?



Stoðstofnanir SSA, ÞNA, ÞFA, MRA, MA

Stoðþjónusta sveitarfélaga

Ýmis þekkingarsetur og staðbundnar stofnanir

Skýring skammstafana:

SSA – Samband sveitarfélaga á Austurlandi
ÞNA – Þekkingarnet Austurlands
ÞFA – Þróunarfélag Austurlands
MRA – Menningarráð Austurlands
MA – Markaðsstofa Austurlands

Hvernig líst þér á sameiningu austfirskra stoðstofnanna?

Andrés Skúlason:

Mér líst vel á sameininguna og hef umtalsverðar væntingar, en það er fyrst og síðast undir okkur sjálfum komið, samfélaginu hér á Austurlandi hvernig við viljum virkja þetta nýja afl. Ég hef verið þeirrar skoðunar að við eigum m.a. að nýta þetta nýja sameinaða afl til að sækja fram og kalla t.d. eftir nýjum verkefnum frá ríkisvaldinu og undirstofnunum þess. Ég hef því töluverðar væntingar að með þessum breytingum verði hægt að skapa ný tækifæri og fjölga verkefnum og störfum í þágu alls fjórðungsins og efla hann með þeim hætti.



Jón Knútur

Ásmundsson:

Mér líst nokkuð vel á sameininguna í fljótu bragði. Ég held að við þurfum að taka þessu verkefni með opnu og jákvæðu hugarfari og reyna tryggja hinni nýju stofnun brautargengi. Það skiptir máli að ný stoðstofnun fái tækifæri til að vaxa og þróast í átt að þörfum íbúa og ef við gleymum hvorki markmiðunum né tilganginum þá sé ég ekki ástæðu til annars en að þetta eigi eftir að efla austfirskar stoðstofnanir.



Jónína Rós

Guðmundsdóttir:

Austfirðingar hafa löngum gengið á undan með góðu fordæmi í sameiningum stofnana og sveitafélaga, það birtist enn einu sinni í metnaðarfullri sameiningu stoðstofnana á Austurlandi. Það mun verða atvinnu og menningarlífi Austurlands til framtíðar að geta nú leitað til einnar stofnunar þegar leita þarf aðstoðar og ráðgjafar auk þess sem mannaður nýrrar stofnunar nýtist örugglega betur. Til hamingju Austurland með Austfirskar stoðstofnanir og til hamingju Austfirskar stoðstofnanir með ykkur sjálf, gangi ykkur allt í hagin.



Rannveig Þórhallsdóttir:


Ef þetta verkefni stendur undir væntingum og sameinar íbúa, þá styð ég þetta. Fjórðungurinn þarfnast eitthvers sem sameinar frekar en sundrar. Ég tek þessu því með jákvæðu hugarfari.

Sigrún Blöndal:

Ég bind miklar vonir við að sameining austfirskra stoðstofnana verði til að efla starf þeirra. Stoðkerfið hefur að ýmsu leyti þótt of flókið og verkefni hafa skarast þannig að sameining ætti að geta auðveldað notendum að fá þá þjónustu sem þeir leita eftir. Það verður spennandi að fylgjast með framvindunni.



Skipurit nýrrar stoðstofnunnar



ÞURFUM STERKA STOFNUN SEM GETUR TEKIST Á VIÐ STÓR VERKEFNI

Sverrir Mar Albertsson, framkvæmdastjóri AFLs starfsgreinafélags, situr í verkefnastjórn sameiningar austfirskra stoðstofnanna, tilnefndur af Þekkingarneti Austurlands (PNA). Hann segir að það sem hafi staðið sjálfstæðri stefnumótun og sjálfstæði landshluta fyrir þrifum hefur verið skortur á sterkum stofnunum sem geta, hvað varðar sérfræðikunnáttu og afl, tekist á við stór verkefni. Hann segir mikilvægt að koma á fót slíkri stofnun sem getur komið á jafningjagrundvelli að borðinu í viðræðum við t.d. stjórnvöld. „Við teljum að með því að setja helstu stoðstofnanir okkar undir einn hatt getum við eflt þekkingarþátt okkar og með aukinni samvinnu milli sérsviða nýtt fjármagn betur.“

Augljós ávinningur fyrir fjórðunginn

„Það hafa verið miklar vangaveltu um það hver ávinningurinn af sameiningu stofnananna er fyrir Þekkingarnetshlutann og í raun getum við sagt að það liggur hreint ekki í augum uppi - en við metum það svo að fyrir fjórðunginn sé ávinningurinn augljós og vonum að með því að samnýta starfskrafta við yfirstjórn og aðstöðu

þá getum við nýtt krónurnar betur til menntunarpáttarins“ segir Sverrir. Hann segir að vonast sé til þess að með aukinni faglegri samvinnu milli t.d. rannsóknarþáttar Þekkingarnetsins og þeirra vinnu í þágu atvinnulífsins sem unnin var hjá Þróunarfélaginu verði vinna nýrrar stofnunar markvissari og betur til þess fallin til að efla atvinnulíf og styðja sprotastarfsemi. Hann segir að gangi það eftir muni það „auðga samfélagið og vinnumarkaðinn“.



Sverrir Mar Albertsson, framkvæmdastjóri AFLs starfsgreinafélags

NÝR VETTvangur Bættra og Markvissari Samskipta við Ríkisvaldið

VIÐTAL VIÐ JÓHÖNNU SIGURÐARDÓTTUR, FORSÆTISRÁÐHERRA

• Hver er stefna stjórnvalda varðandi verkaskiptingu ríkis og sveitarstjórnarstigsins?

Ríkisstjórnin hefur lagt mikla áherslu á eflingu sveitarstjórnarstigsins. Málefni fatlaðra hafa þegar verið flutt til sveitarfélaga og samið hefur verið um tónlistarkennslu. Næsta verkefni er yfirfærsla á málefnum aldraðra og hluta heilsugæslu og vonandi nást samningar um það fyrir lok kjörtímabilsins. Þá hefur Stjórnarráðið nú í tæp tvö árið unnið eftir þeirri hugmynda- og aðferðafræði sem birtist í stefnumörkun ríkisstjórnarinnar um Ísland 2020. Stefna stjórnvalda varðandi samskipti ríkis og sveitarfélaga í þeirri stefnumörkun endurspeglar í sóknaráætlunum landshluta. Vinna við sóknaráætlanirnar hófst í byrjun árs 2011 en í þeim áfanga var opnað fyrir ákveðinn samskiptaás milli Stjórnarráðsins og átta landshlutasamtaka sveitarfélaga. Sóknaráætlanirnar eru unnar í samvinnu annars vegar stýrinets allra ráðuneyta og stofnana og hins vegar landshlutasamtaka sveitarfélaga ásamt þátttöku Sambands íslenskra sveitarfélaga og hagsmunaaðila á svæðunum. Hugmyndin er að í stað þess að 10 ráðuneyti ættu samskipti við 76 sveitarfélög þegar kemur að úthlutun almannaþjárfjár til almannaheilla þá ætti stýrinet allra ráðuneyta samskipti við sveitarfélögin í gegnum átta landshlutasamtök. Samþættar stoðstofnanir munu svo gegna lykilhlutverki í að halda utan um samskipti landshluta við stýrinetið, vinna að stefnumótun, áætlanagerð og verkefnaþróun innan landshlutanna. Með þessu fyrirkomulagi samskipta sé ég fyrir mér mikla hagræðingu og aukna skilvirkni og jafnvel í framtíðinni einn samning milli ríkis og sveitarfélaga þar sem landshlutinn hefur meira vægi og vald er kemur að úthlutun þeirra fjármuna sem landshlutar nú fá í nokkrum hölfum frá nokkrum ráðuneytum, m.a. í formi vaxtar- og menningarsamninga.

• Hvert er, í þínum huga, hlutverk sameinaðrar stoðstofnunar í eflingu Austurlands sem landshluta?

Ég vil fyrst óska sambandi sveitarfélaga á Austurlandi til hamingju með afrakstur þess fjögurra ára undirbúnings sem hér hefur farið

fram að einni stoðstofnun fyrir landshlutann. Hlutverk slíkrar stofnunar er í mínum huga fyrst og fremst að þarna verður til vettvangur fyrir samstarf og jafnvel frekari samþættingu á þjónustu sveitarfélaganna. Vettvangur sem samræmir stefnumótun landshlutans og stuðlar að bættum og markvissari samskiptum við ríkið. Það að þið á Austurlandi ríðið á vaðið með stofnun slíkrar stoðstofnunar er okkur öllum afar mikilvægt. Það eggjar Stjórnarráðið til að efla sína samvinnu um eina aðkomu að slíkri stofnun í gegnum stýrinet allra ráðuneyta, en slíkt leiðir okkar að þeirri framtíðarsýn sem ég nefndi fyrr, að það geti orðið til einn samningur millum ríkis og landshluta.



Jóhanna Sigurðardóttir, forsætisráðherra

• Hver telur þú helstu sóknarfæri Austurlands?

Á Austurlandi eins og annars staðar á Íslandi eru sóknarfærin mörg. Í þeirri samvinnu sem stjórnvöld áttu með heimamönnum í vinnunni 20/20 Sóknaráætlun komu fram ótal hugmyndir að sóknarfærum. Sóknarfærin eru í náttúrunni, umhverfi og aðstæðum landshlutans en ekki síst í fólkinu sem hér býr. Það frumkvæði, samstarfsvilji og lausnamiðað hugsun og það frumkvæði sem þið nú sýnið í þróun á svæðisbundnu stoð- og velferðarkerfi samanber stofnun AST nú er aðdáunarvert. Ég tel að með þessu samræmdu stoðkerfi gefist ykkur fyrst allra landshluta e.t.v. stærsta sóknarfærið. Það að starfa saman sem heild í gagnkvæmum samskiptum milli sveitarfélaga innan landshlutans og í samskiptum landshlutans við ríkisvaldið verður að mínu viti mikil blessun og mun styrkja Austurland.


Sóknaráætlanir landshluta

Sóknaráætlanir landshluta eru eitt verkefna innan Ísland 2020 sem er stefnumörkun og framtíðarsýn fyrir íslenskt samfélag. Vinna við verkefnið hófst í byrjun árs 2011 en í þeim áfanga var opnað fyrir ákveðinn samskiptaás (mynd til hliðar) milli Stjórnarráðsins og átta landshlutasamtaka sveitarfélaga.

Sóknaráætlanirnar eru unnar í samvinnu annars vegar stýrinets allra ráðuneyta og stofnana og hins vegar landshlutasamtaka sveitarfélaga ásamt þátttöku Sambands íslenskra sveitarfélaga og hagsmunaaðila á svæðunum. Samþættar stoðstofnanir munu gegna lykilhlutverki í að vinna að stefnumótun, áætlanagerð og verkefnaþróun innan landshlutana.

Stefnt er að því að tengja sóknaráætlanir landshluta tveimur öðrum verkefnum, annars vegar einföldun, fækkun og samhæfingu opinberra stefna og áætlana og hins vegar fjármögnun verkefna innan sóknaráætlana með endurskipulagningu og sameiningu á flæði fjármagns frá ríkissjóði til landshluta. Árið 2011 bárust 57 verkefni frá landshlutasamtökum sem fóru í gegnum greiningu stýrinets ráðuneyta. Ákveðið var að setja fjárveitingar í 11 þeirra, bæði fjárfestingar- og rekstrarverkefni í öllum landshlutum. Flest verkefni eru til 4 ára og er áætlað að þau muni kosta á tímabilinu um 460 m.kr.

Við samþykkt þeirra inn á fjárlög setti ráðherranefnd ríkisfjármála þrjá fyrirvara: Í fyrsta lagi að verkefni séu unnin í samvinnu ábyrgðarráðu-



neyta verkefnanna og viðkomandi landshlutasamtaka. Í öðru lagi að þær verkefnalýsingar sem bárust frá landshlutasamtökum séu lagðar til grundvallar en opið sé fyrir breytingar á þeim varðandi útfærslu verkefnanna. Í þriðja lagi að fjárveitingar fari ekki í önnur verkefni heldur einungis þau sem tilgreind voru í innsendum verkefnaáætlunum.

Sóknaráætlanir landshluta munu skerpa og skýra samskiptaferlið milli ríkis og sveitarfélaga.

Með slíkum samskiptaási ættu sveitarfélög landsins í gegnum landshlutasamtökin að hafa aukin áhrif á úthlutun almannaþjárfjár og geta þannig haft áhrif á forgangsroðun opinberra verkefna í eigin landshlutum hvort sem þau snúa að fjárfestingum eða rekstri. Forgangsroðunin þarf að byggja á áætlanagerð og þarfagreiningu á opinberri þjónustu og verkefnum í hverjum landshluta. Fyrst í stað gerist það í gegnum verkefnaaval en samkvæmt stefnumótunarskjalinu Ísland 2020 eiga sveitarfélögin að geta haft áhrif á stefnumótun og áætlanagerð ríkisvaldsins til lengri tíma. Regluleg og hlutlæg samskipti um verkefni og áherslur í gegnum sóknaráætlanir landshluta geta með því móti aukið jafnvægi í samskiptum ríkis og sveitarfélaga, aukið gagnsæi, lýðræði og samhæfingu. Framtíðarsýnin er sú að sóknaráætlanir landshluta feli í sér mótun byggðastefnu sem samræmist heildarstefnumótun og áætlanagerð ríkisins.

„AUKIN ÞJÓNUSTA VERÐUR NÆR ÍBÚUM AUSTURLANDS“

segir Valdimar O. Hermannsson, formaður Sambands sveitarfélaga á Austurlandi (SSA) og formaður verkefnisstjórnar um sameiningu austfirskra stoðstofnanna.

Hann segir það hafa verið mikla áskorun að vinna að því að láta sameininguna verða að veruleika. „Margir hafa lagt til vinnu og þekkingu, hver af sínu sviði eða úr sínu baklandi. Að vinnunni hafa komið fulltrúar í verkefnastjórn, og verkefnanefnd, sem allir hafa verið með sömu sýn, þó svo að hagsmunir og bakgrunnur hafi verið ólíkur.“

Sækjum fram með öfluglu sameinuðu stoðkerfi

„Við sáum öll að það voru mun fleiri tækifæri heldur en ógnanir, við það að sameina austfirskar stoðstofnanir. Þó svo að í sumu sé það flókið að leiða saman hagsmuni þekkingarfræðslu, rannsóknna, þróunar og nýsköpunar, menningar, ferða- og markaðsmála, við starfsemi landshlutasamtaka sveitarfélaga, en um leið er fólgin í því lausnin, að við erum öll að vinna að sama markmiði, þ.e. að skapa betra samfélag á Austurlandi“ segir Valdimar.

Hann bendir á að landshlutasamtök sveitarfélaga hafa verið að fá aukin hlutverk, vægi og verkefni í opinberri stjórnsýslu, fyrir sinn landshluta og því skiptir miklu máli að búa yfir öflugri stoðstofnun. „Við verðum mun öflugri með sameinað stoðkerfi á Austurlandi, til þess að sækja fram, taka við enn auknum verkefnum bæði frá ríkinu, en ekki síður að vinna fyrir opinberar stofnanir, öflugt atvinnulíf á svæðinu, og einnig að vinna samstarfsverkefni við önnur lönd og landssvæði sem bæði núverandi stoðstofnanir og jafnvel einstök sveitarfélög eru að vinna með“ segir Valdimar sem er bjartsýnn fyrir hönd nýrrar stofnunar.

Tilgangur og aðdragandi

Valdimar segir að tilgangur AST (austfirskar stoðstofnanir), sé að vinna að hagsmunamálum íbúa, sveitarfélaga, stofnana og fyrirtækja á Austurlandi og veita samræmda og þverfaglega þjónustu tengda atvinnulífi, menntun og menningu. AST er í forsvari fyrir þróun atvinnulífs, samfélags, stjórnsýslu, háskólanáms, símenntunar, rannsókna, þekkingar- og menningarstarfs á Austurlandi.

Aðdragandinn að sameiningu stoðstofnanna, „hófst í raun á síðasta kjörtímabili, þegar skoðað var að sameina hluta þeirra undir regnhlíf SSA, en árið 2010 var ákveðið að gera aðra tilraun, sem væri meira á jafnræðisgrundvelli, þar sem það væri allra hagrætt að til yrði öflugur vettvangur samstarfs bæði innan fjórðungs, sem og við ríkisvaldið og aðra hagsmuna- og samstarfsaðila, hérlandis og erlendis. Staðreyndin er sú að núverandi stoðstofnanir hafa orðið til á misjöfnum tíma, eru með mismunandi rekstrarform, og hafa í ákveðnum málum verið að skarast, sín á milli, og einnig að hluta við í ákveðnum verkefnum sveitarfélaganna á starfssvæði SSA“ segir Valdimar.

Tilgangi sínum hyggst AST ná með því að skapa þverfaglegan samstarfsvettvang og vinna m.a. að tryggja:

* Nýsköpun, þróun og eflingu atvinnulífs og samfélags.

* Öflugri símenntun, starfsþróun og starfsfræðslu.

* Skilvirkri upplýsingastarfsemi og heildstæðri markaðssetningu.

* Fjölbreyttari uppbyggingu háskólanáms og rannsókna á svæðinu.

* Fjölbættari starfsemi á sviði menningar, lista og skapandi greina.

Munu íbúar á Austurlandi finna fyrir breytingunum?

„AST mun búa yfir dreifsettri þjónustu, um allt Austurland, með a.m.k., 6 starfsstöðvar, þar sem íbúar geta fengið fyrstu afgreiðslu sinna mála, í sínu nærumhverfi, og þá leiðbeiningar um hver muni annast það og hvernig erindi þeirra verður sinnt. Síðan verða aðal-starfsstöðvarnar á miðsvæðinu, þ.e. á Egilsstöðum og á Reyðarfirði. Þetta býður upp á að aukin þjónusta verður nær íbúum Austurlands, og starfsfólk, sem oft er sérfræðimenntað, eða með sérstaka þekkingu, getur búið hvar sem er“ segir Valdimar.

Nýrri stofnun fylgja ný tækifæri

Áætlað er að starfsmannafjöldi nýrrar stofnunar verði um og yfir 20 manns og mun byggjast á þeim stoðstofnunum, sem nú renna saman með sinn rekstur. „Við sjáum fjölmörg tækifæri nú þegar. Þar eru komnar fyrirspurnir um mögulega aðkomu annarra aðila, í þetta samstarf, en sameinuð stoðstofnun á einnig að geta tekið að sér fleiri og stærri verkefni, innlend og erlend, heldur en þær stoðstofnanir sem nú eru að sameinast“. Þróun starfsmannamála mun því koma í ljós í nánustu framtíð að sögn Valdimars, að einhverju leyti, en upphafið gefur tilefni til bjartsýni því það eru „fjölmörg tækifæri og verkefni núna og í nánustu framtíð“.

Margir lagt sitt af mörkum

„Það hefur farið í þessa sameiningu mikil vinna og tími margra, sem að mínu viti er vel varið, og hef ég hvatt til þess að á öllum tímum þurfa stjórnendur í stóru sem smáu, að hugsa og jafnvel stíga út fyrir sinn daglega ramma, og horfa til framtíðar, huga að framþróun hluta, sem í fyrstu getur verið óljós í mörgu en verður þeim mun ljósari sem við erum betur undirbúin.“

Valdimar vill fá að nota tækifærið að þakka „öllu því fólki sem hefur komið að þessari vinnu, fyrir sitt framlag, og þann ásetning að ná góðri niðurstöðu fyrir íbúa, og alla aðra hagsmunaaðila á Austurland. Síðast en ekki síst vil ég þakka því góða starfsfólki sem vinnur í okkar fjölbreytta stoðkerfi, fyrir þolinmæðina, sem hefur falist m.a. í þeirri óvissu sem það hefur búið við, á breytingatímanum. Stefaniú G. Kristinsdóttur, verkefnastjóra AST, verð ég að færa sérstakar þakkir fyrir sitt framlag í að láta þetta verða að veruleika.“



Valdimar O. Hermannsson, formaður Sambands sveitarfélaga á Austurlandi

EIN STERK STOFNUN MEÐ SAMEIGINLEGA RÖDD

Signý segir ávinning sameiningar stoðstofnana og aukinnar samvinnu á Austurlandi áreiðanlega eftir að verða mikill bæði inn á við og út á við. „Sjálfr hef ég alltaf talið meiri þörf fyrir að efla samstarf og sýnileika út á við. Ein austfirsk stofnun verður sterkari en margar og sameiginleg rödd og kraftur verður öflugri á landsvísi og ekki síður í erlendu samstarfi. Ég tel að við séum þegar að vinna mikið saman innan svæðis og séum að standa okkur alveg ágætlega í samstarfi þar, þó alltaf megi gera betur.“

Skipan úthlutunarstjórnar Menningarráðs

Signý segir að sameiningin komi til með að hafa í för með sér talsverðar breytingar innan Menningarráðs Austurlands. Hún segir að stjórn Menningarráðs komi til með að verða að úthlutunarstjórn sem fer með úthlutun styrkja. „Við það breytist auðvitað starfssvið stjórnar talsvert. Það er mikilvægt að huga að því hvernig slík úthlutunarstjórn á að vera skipuð

í framtíðinni; er ástæða til þess að í henni sitji pólitískir fulltrúar eða er mikilvægara að það verði meira eða eingöngu fólk af vettvangi lista og menningar. Núverandi skipun í stjórn er skv. samningi blönduð af pólitík og fólki úr menningargeiranum og verður það væntanlega út samningstíma 2013. Ég tel rétt að huga að því hvort breytingar eigi að vera eftir þann tíma þar sem pólitísk og stefnumótandi mótun er í gegnum stjórn og fagræð AST. Það skal þó tekið fram að þetta eru mínar hugleiðingar og til komnar af þeirri umræðu sem er á landsvísi um að fólk úr listgeiranum eigi að koma meira að úthlutunum opinbers fjármagns en nú er.“



Signý Ormarsdóttir, menningarfulltrúi Menningarráðs Austurlands

Stofnfundur sameinaðrar stöðstofnunnar á Austurlandi

Fróðleiksmolinn Reyðarfirði, 8. maí 2012 kl. 13-18

Stofnfundur sameinaðrar stöðstofnunnar á Austurlandi verður haldinn að Búðareyri 1 – Fróðleiksmolanum á Reyðarfirði, þriðjudaginn 8. maí. Í kjölfar hans verður haldið málþing.

Stofnfundur er öllum opin en einungis fulltrúar stofnaðila hafa atkvæðisrétt á stofnfundi.

Stofnfundur dagskrá kl. 13-14:30.

- **Fundarsetning**, Valdimar O. Hermannsson, formaður verkefnisstjórnar
- **Ávarp forsætisráðherra**, Jóhönnu Sigurðardóttur
- **Kynning á störfum verkefnisstjórnar**, Stefania G. Kristinsdóttir, verkefnisstjóri
- **Tillaga að samþykktum AST kynnt** og lögð fram til samþykktar
- **Tillaga starfsháttanefndar um stjórn og fagråd**, Björn Hafþór Guðmundsson, formaður starfsháttanefndar
- **Önnur mál**

Fundargerð stofnfundar borin upp til samþykktar og undirritunar. Í lok fundar mun ríkisstjórn Íslands undirrita viðaukasamninga vegna sameiningar stöðstofnana.

Landshlutar í sókn! Málþing kl. 15-17

- **Ávarp** - Katrín Jakobsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra
- **Ávarp formanns stjórnar** - um sameinaða stöðstofnun á Austurlandi
- **Regional development and demography in the North Atlantic** – Klaus Georg Hansen, aðstoðarframkvæmdastjóri og sérfræðingur hjá NORDREGIO
- **Sóknaráætlanir landshlutanna** – Hólmfríður Sveinsdóttir, verkefnisstjóri
- **Grenndarstjórnsýsla og félagslegur auður landsbyggðanna** – Þóroddur Bjarnason, prófessor við Háskólann á Akureyri og formaður stjórnar Bygðastofnunar.
- **Þekkingarstörf í þorpið mitt** – Rannveig Þórhallsdóttir, framkvæmdastjóri og eigandi Sagnabrunns
- **Umræður og pallborð**

Fundarstjóri Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins.

Boðið verður upp á tónlist og léttar veitingar í lok málþings.

ÞJÓNUSTA OG STARFSSTÖÐVAR SAMEINAÐRAR STÖÐSTOFNUNAR

Stofnunin er nú þegar með starfsstöðvar á Egilsstöðum, Reyðarfirði, Norðfirði, Vopnafirði og Höfn en stefnt er að því að opna starfsstöðvar á Seyðisfirði og Djúpavogi á þessu ári. Starfsstöð á Höfn verður starfrækt innan sameinaðrar stöðstofnunnar út árið og jafnvel lengur byggt á þjónustusamningi.

Gerðir verða þjónustusamningar við öll sveitarfélög í landshlutanum auk viðaukasamninga um sérverkefni tengd starfsstöðvum. Með sameiningunni er markmiðið að koma upp þjónustugáttum þar

sem grunnþjónusta er veitt en að jafnframt muni sérfræðingar vinna saman að stærri verkefnum. Grunnþjónusta felst í almennri atvinnuráðgjöf og skilgreiningu verkefna, upplýsingum um nám í boði og þjónusta við nemendur. Sérhæfðari þjónusta byggir á skilgreindum verkefnum og tilvísunum á sérfræðinga frá starfsstöðvum um almenna ráðgjöf sérfræðingar. Horft er til þess að sameinuð stofnun geti átt frumkvæði að stærri átaks- og bygðaðróunarverkefnum og tekið að sér verkefni eða yfirfærslu verkefna frá ríki til landshluta.

VEL HEPPNAÐ SAMSTARF AUSTFIRSKRA STÖÐSTOFNANA

Þorpið hönnunarsamfélag er verkefni sem hófst fyrir um tveimur árum og er dæmi um vel heppnað samstarf þriggja stöðstofnana, Þekkingarnets, Menningarráðs og Próunarfélags Austurlands, verkefnisstjóri er Lára Vilbergsdóttir. Hugmyndafræði Þorpsins hefur mótast samhliða uppbyggingu á þeim innviðum sem þurfa að vera til staðar til að vöruhönnun og listiðnaður geti þróast sem grundvöllur til atvinnusköpunar.

Helstu verkefni Þorpsins eru:

- **Þróun náms í starfs og listmenntun á Austurlandi** (Evrópuverkefnið – Creative communities).
- **Uppbygging vöruþróunarverkstæða** í samvinnu við einstaklinga og fyrirtæki.
- **Uppbygging tengslanets/markaðssetning** á hugmyndafræði Þorpsins innanlands og erlendis.
- **Stór og smá vöruþróunarverkefni** í samstarfi við hönnuði og handverksmenn (Arnheiðarstaðarvöttur, ömmukollur, Norð-Austan 10 verkefnið í samstarfi við Nýsköpunarmiðstöð).
- **Stefnumótun um markaðssetningu austfirskrar vöru og uppbygging sölumiðstöðvar „Húss Handanna“** í samstarfi við og í sama húsnæði og Upplýsingamiðstöð og Markaðsstofa Austurlands.

Samstarf stöðstofnana og aðkoma grasrótarinnar hefur skapað



13 manna hópur Mastersnemenda frá Royal College of Art í London unnu hugmynda-vinnu fyrir mastersverkefni sín í tíu daga vinnubúðum í Þorpinu um miðjan mars sl. Myndin er tekin á Hönnunarmars.

aukinn slagkraft, áhrif af slíkri samvinnu eru margvísleg og birtist í samnýtingu á aðstöðu og þjónustu sem þegar er til staðar sem og aðgangi að mannauði og tengslaneti samstarfsaðilanna. Samtalið sem verður til milli samstarfsaðila leiðir oft til nýrra tækifæra á hinum ýmsu sviðum og til verður meiri slagkraftur en ella. Þorpið er orðið þekkt nafn meðal hönnuða á Íslandi og erlendis og þegar hafa nemendur komið frá Bretlandi og Svíþjóð til að vinna úr austfirskum efnivið og í samvinnu við fyrirtæki.

Sjá nánar um Þorpið á www.make.is.

Eru skólprörin í húsinu þínu farin að gefa sig?

Það hefur aldrei verið eins þægilegt að láta gera við frärennislagnir!

Við hjá **PROLINE** bjóðum heildarlausnir í viðgerðum á frärennislögnum.

- HEILFÓÐRUN
- PARTFÓÐRUN
- STAÐSETNING LAGNA
- MYNDUN LAGNA
- DÆLUBÍLAR
- JARÐVINNA

Gefum gömlum lögnum nýtt líf!

PROLINE

Sími 571 0300 - www.proline.is
Dalvegi 16B - 201 Kópavogur

Við bjóðum raðgreiðslur til allt að 36 mánaða
VALITOR
KORTALÁN



VAXTARSAMNINGUR
AUSTURLANDS

VAXA Í NÆRMYND

VERKEFNI SEM VAXTARSAMNINGUR AUSTURLANDS HEFUR KOMIÐ AÐ
Á ÁRUNUM 2007-2012 ERU FJÖLBREYTT OG DREIFÐ UM ALLAN FJÖRÐUNGINN.

NÁNARI UPPLÝSINGAR OG RÁÐGJÖF VEITA ÓLAFUR ÁKI RAGNARSSON ÓLAFUR(HJÁ)AUSTUR.IS
OG HA FLIÐI H. HA FLIÐASON HA FLIÐI(HJÁ)AUSTUR.IS HJÁ ÞRÓUNARFÉLAGI AUSTURLANDS.

SMÍÐI Á VÉL TIL VINNSLU Á TINDASKÖTU

Verkefnið felur það í sér að smíða vél sem sker börðin af tindaskötunni og hreinsar innan úr henni slógið. Í dag er þetta allt unnið með mannshendinni, er seinlegt og miðað við markaðsverð gefur afurðin lítið af sér. Til þess að geta nýtt afurðina er mikilvægt að geta vélvætt vinnsluna.

Verkefnið er langtímasjónarmið. Vinnsla á ýmsum tegundum sjávarfangs sem berst á land sem meðafla hefur farið vaxandi. Vandamálið með flestar þessar tegundir er að þær eru dýrar í vinnslu. Með því að smíða vél sem getur leyst mannshöndina af er verið að skapa verðmæti sem lítið hafa verið nýtt til þessa. Allur hluti fíksins í þessu tilfeli fer til manneldis ef tekst að gera vélina þannig úr garði að hún nýtist eins og ráð er fyrir gert.

Verkefnisstjóri: Karl Jónsson



Á myndinni má sjá Hafliða H. Hafliðason og Ólaf Áka Ragnarsson frá Þróunarfélagi Austurlands ásamt Karli Jónssyni við vélina.

VAXTARSAMNINGUR AUSTURLANDS ER SAMNINGUR MILLI ÞRÓUNARFÉLAGS AUSTURLANDS OG IÐNAÐARRÁÐUNEYTIS SEM HEFUR ÞAÐ AÐ MARKMIÐI AÐ STYÐJA VIÐ ÞAU VERKEFNI SEM FALLA UNDIR MARKMIÐ HANS.

MEGINHUGMYND VAXTARSAMNINGA ER SAMSTARF Í SVOKÖLLUÐUM KLÖSUM, ÞAR SEM LEITAST ER VIÐ AÐ E FLA SAMVINNU FYRIRTÆKJA OG STOFNANA Á ÁKVEÐNUM SVIÐUM SEM Á EINHVERN HÁTT GETA UNNIÐ SAMAN OG NÝTT STYRKLEIKA HVERS ANNARS, JAFNVEL ÞÓTT FYRIRTÆKIN SÉU AÐ ÖÐRU LEYTI Í SAMKEPPNI.

VAXTARSAMNINGUR AUSTURLANDS HEFUR KOMIÐ AÐ 104 VERKEFNUM FRÁ ÞVÍ AÐ FYRSTI SAMNINGURINN VAR UNDIRRITAÐUR ÁRIÐ 2007.



ANH.IS

ATVINNU- OG NÝSKÖPUNARHELGIN

Komdu hugmynd í framkvæmd á 48 klukkustundum

Atvinnu- og nýsköpunarhelgin er röð viðburða sem ferðast um landið í þeim tilgangi að virkja fólk til athafna og láta góðar hugmyndir verða að veruleika.

Á viðburðunum fá þátttakendur tækifæri til þess að vinna saman að frumgerð vöru eða þjónustu sem síðar getur orðið að fullvaxta fyrirtæki.

ALLIR GETA TEKIÐ ÞÁTT - ÞAÐ KOSTAR EKKERT!

Friar veitingar alla helgina

með eða án hugmynda

ANH FJARÐABYGGÐ

Helgin 11. - 13. maí

Skráning er hafin á www.anh.is

Samstarfsaðilar



FJARÐABYGGÐ

PRÓUNARFÉLAG AUSTURLANDS

Umsjónaraðilar



innovit

Nýsköpunar- og frumkvöðlasetur

Alcoa Fjarðaál



samskip



EIMSKIP



austur glugginn



Tærgesen
veitinga- og gæsthus



Landsbyggðaskattur íþróttahreyfingarinnar

Í síðasta tölublaði Austurgluggans var farið yfir grein formanns Knattspyrnufélags Fjarðabyggðar (KFF) þar sem hann gerði grein fyrir hinum gríðarlega háa ferðakostnaði sem félagið glímir við. Ljóst er að þessi ferðakostnaður er margfalt hærri en hjá sambærilegu félagi á höfuðborgarsvæðinu. Kostnaðurinn er auðvitað ekki bundinn við KFF eða knattspyrnuna heldur íþróttarstarfsemi landsbyggðarinnar í heild sinni og kostnaðurinn eykst eftir því sem fjarlægðin frá höfuðborgarsvæðinu verður meiri. Í ljósi þess er bókun fræðslu- og frístundanefndar Fjarðabyggðar (fundur nr. 24 frá 18. apríl) mikið fagnaðarefni. Þó svo að í bókuninni sé aðallega verið að fjalla um knattspyrnu þá á það sama við um fleiri greinar. Í bókuninni kemur eftirfarandi m.a fram:

Fræðslu- og frístundanefnd bendir á að um gríðarlegan ferðakostnað er



Elvar Jónsson

að ræða hjá liðum sem keppa í landsdeildum í knattspyrnu. Það virðist vera þannig að félög geti ekki brúað þennan kostnað nema með aðkomu sveitarfélagsins þó eðlilegra væri að Knattspyrnusambandið og/eda ríkisvaldið kæmi með frekari bætti að því að jafna þennan kostnað á milli landsbluta enda gríðarlegur munur á kostnaði milli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðis. Nefndin hvotur bæjarráð til þess að þrýsta á þessa aðila og fá sveitarfélög á landsbyggðinni með sér í lið enda er þetta stórt hagsmunarmál fyrir sveitarfélögin ekki síður en félögin sjálf.

Bæjarráð fól í framahaldi af bókun nefndarinnar bæjarstjóra að taka upp málið við sveitarfélög sem eins er ástatt fyrir. Ekki ætti bæjarstjóri að þurfa að leita langt yfir skammt því t.d ættu nágrannar okkar á Fljótsdalshéraði og íþróttafélögin

þar að vera í sömu sporum. Svo dæmi sé tekið þá hafa lið Hattar í körfuknattleik og knattspyrnu náð eftirtektarverðum árangri á landsvísu. Sömu sögu er að segja um íþróttalið úr Fjarðabyggð og mætti þar nefna, auk knattspyrnunnar, hið frábæra kvennalið Þróttar í blaki. Góður árangur allra þessara liða hefur haft í för með sér gríðarlega háan ferðakostnað. Fleiri dæmi mætti nefna í þessu sambandi og er Austurland þar allt undir.

Ferðakostnaður íþróttaliða af landsbyggðinni er ekkert annað en landsbyggðarskattur og það þarf að leiðrétta. Sú leiðrétting er ekki einkamál landsbyggðarinnar því hún ætti að styrkja íþróttastarf í landinu öllu enda kemur, þrátt fyrir allt, hátt hlutfall afreksíþróttamanna af landsbyggðinni. Félögin á landsbyggðinni ættu að geta skilað af sér mun fleira afreksfólki ef ekki færu allir þessir



Eydis Ásbjörnsdóttir

fjármunir í ferðakostnað. Væri þá hægt að nýta fjármagnið í bættu umgjörð utan um íþóttafólkið sjálft – landi og þjóð til heilla.

Við skorum á önnur sveitarfélög á landsbyggðinni til að koma að þessu ekki síst hér á Austurlandi. Einnig munum við, undirrituð, leggja það til að þetta mál verði sérstaklega tekið fyrir á dagskrá á næsta aðalfundi Sambands sveitarfélaga á Austurlandi (SSA) í haust.

Elvar Jónsson, bæjarfulltrúi Fjarðalistans í Fjarðabyggð og situr í bæjarráði.

Eydis Ásbjörnsdóttir, bæjarfulltrúi Fjarðalistans í Fjarðabyggð og situr í fræðslu- og frístundarnefnd.



Gledilegt ræktunarsumar

Plöntusalan opnar um miðjan maí





SÓLSKÓGAR ehf.

Kaldá · 701 Egilsstöðum · Sími 471 2410
Netfang katrin@solskogar.is · www.solskogar.is

Íslensk framleiðsla

Nám í fjallamennsku

Námið tekur eitt ár og er 60 framhaldsskólaeiningar
Áhersla á verklegt útinám á fjöllum og í óbyggðum
Vettvangsferðir með kennara og á eigin vegum
Starfsþjálfun í ferðaþjónustufyrirtækjum

Námsbrautin hentar:

- nemendum sem vilja öðlast alhliða hæfni í fjallamennsku
- starfsfólki í ferðaþjónustufyrirtækjum
- áhugasömum um fjallamennsku og útivist
- sem sérsvið í almennu stúdentsnámi

Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu
Sími 470 8070 | skolameistari@fas.is | www.fas.is





Coney Island Babies (f.v.): Hafsteinn Már Þórðarson, Geir Sigurpáll Hlöðversson, Jón Knútur Ásmundsson og Guðmundur Höskuldsson.
Mynd: Esther Ösp Gunnarsdóttir.

Umslag plötunnar *Morning to Kill*, hannað af Páli Ólafssyni.



Hljómsveitin Coney Island Babies gefur út plötu:

Ætluðu að vera lágstemmdir

Coney Island Babies gaf út sína fyrstu plötu í síðustu viku og ber hún heitið „Morning to Kill“. Hljómsveitina norðfirsku skipa fjórir, heiðarlegir menn sem sinna hversdagslegum skyldum á virkum dögum en koma svo saman einu sinni í viku til að rokka. Austurgluggin kynnti sér málið.

„Við byrjuðum að spila uppúr áramótum 2004,“ segir Jón Knútur Ásmundsson, trommuleikari. „Við hittumst þrír, þ.e. ég, Geiri og Haffi í kjallaranum hjá einum okkar og fórum saman yfir lög sem við vildum spila saman. Við höfðum áhuga á að setja saman band sem spilaði lágstemmda rokk-tónlist í anda Neil Young, Nick Cave og síðast en ekki síst Lou Reed en nafn hljómsveitarinnar er vísun í þekkt lag þess síðastnefnda. En svo þegar við hittumst og töldum í reyndumst við ekkert alltaf mjög lágstemmdir þótt við kunnum það alveg líka,“ segir Jón og bætir við að fljótlega hafi hljómsveitin byrjað að semja lög sjálf. „Þegar fólk spyr hvernig tónlist við spilum þá segi ég gjarnan að þetta sé „plötusafnararokk“. Sumir skilja þetta orð en aðrir ekki og þannig á það að vera.“

Draumur allra að gera plötu

Hljómsveitina skipa auk Jóns, þeir Geir Sigurpáll Hlöðversson sem syngur og spilar á gítar, Guðmundur Höskuldsson, gítarleikari og Hafsteinn Már Þórðarson, bassaleikari. „Gummi kom inn í bandið 2009, um það leyti sem við byrjuðum að huga að þessari plötu fyrir alvöru en draumur okkar allra, líklega frá barnæsku, hefur verið sá að gefa út plötu sem situr svo í rekknum við hliðina á plötum allra átrúnaðar-goðanna okkar.“

Platan var tekin upp í Safnaðarheimili Norðfjarðarkirkju, í æfingarhúsnæði

hljómsveitarinnar í Neskaupstað og í Sláturhúsinu, menningarmiðstöð Egilsstaða. Upptökumaður var Guðjón Birgir Jóhannsson hjá Hljóðkerfaleigu Austurlands. „Hann reyndist okkur mikill happafengur,“ segir Jón. „Áhugi hans á verkefninu reyndist síst minni en okkar og svo er hann bara svo fjandi góður hljóðmaður og auðvitað enn betri drengur sem small inn í þennan furðulega félagskap án nokkurrar fyrirhafnar.“

Mikið um að vera í þorpinu

Tónlistariðkun í Neskaupstað er með mesta móti þessi misserin og eru fleiri norðfirskir tónlistarmenn í plötuhugleiðingum. „Það hefur verið þannig að á hverjum tíma eru nokkrar hljómsveitir starfandi í þessum bæ,“ segir Jón. „Svo leggja þær upp laupana eins og gengur en það tekur alltaf eitthvað nýtt við. Núna eru fjögur eða fimm starfandi bönd í bænum og einhverjir eru að bardúsa í plötupptökum, m.a. vinir okkar og félagar í þungarokksböndunum *Oni* og *Urð*. Það er gaman að vera hluti af þessari hefð en alltof langt mál að fara diskútera ástæður þess að menn hafi alla tíð rokkað í Neskaupstað,“ segir hann.

„On tour“

„Það sem tekur við hjá okkur núna er að spila á tónleikum hér og þar á landinu og kynna efni plötunnar fyrir fólki,“ segir Jón aðspurður um framhaldið. „Við höfum ekki verið mjög duglegir að spila utan fjallahringsins en það breytist á næstu dögum og vikum. Við erum orðnir of gamlir til að hafa áhuga á frægð en við erum alls ekki of gamlir til að spila fyrir framan fólk. Ef út í það er farið þá yngist maður reyndar af því að rokka og við mælum með því fólk stofni hljómsveitir fremur en að eyða peningum í hrukkukrem þótt þau séu góðra gjalda verð. Og svo taka bara við nýir tímar, ný ævintýri og vonandi einhvern tímann ný plata með hljómsveitinni Coney Island Babies,“ segir Jón og bætir við að platan „Morning to Kill“ verði til sölu á tónleikum sveitarinnar. Hana sé líka hægt að nálgast í gegnum heimasíðu Coney Island Babies, cibtheband.com og síðan verði hún fáanleg í öllum betri plötuverslunum.

Coney Island Babies á tónleikaferðalagi

Laugardagurinn 5. maí: **Kaffi Steinn á Stöðvarfirði**. Húsið opnar 20:30.


Fimmtudagurinn 10. maí: **Tónlistarmiðstöð Austurlands á Eskifirði**. Húsið opnar 20:30.

Föstudagurinn 11. maí: **Sláturhúsið á Egilsstöðum**. Húsið opnar 20:30.

Laugardagurinn 12. maí: **Hótel Egilsbúð í Neskaupstað**. Húsið opnar 21:00.

Frekara tónleikahald auglýst síðar.

**Íbúar á veitusvæði
Hitaveitu Egilsstaða og Fella
greiða lágan húshitunarkostnað
Gerð verðsamanburð**



Kaffihúsaskákmót KAABER og UMF Þristar



Keppendur í 7- 9 ára flokki frá v. Friðrik Dúi, Rafael Rökkvi, Máni, Atli, Þorsteinn Ivan, Mekkín Ann og Sveinbjörn Fróði.

Keppni í Kaffihúsaskákmótinu fór fram í Hallormsstaðaskóla, sunnudaginn 22. apríl síðastliðinn. Keppt var í flokkum 7-9 ára, 10-13 ára, 14-16 ára og 17 ára og eldri.

Til leiks mættu 22 keppendur. Sjö keppendur mættu á aldrinum 7 - 9 ára, sex 10 -13 ára, þrír 13 - 16 ára, þrír 14 - 16 ára og sex í flokki 17 ára og eldri.

Allir keppendur í 7 - 9 ára flokki fengu viðurkenningu fyrir þátttöku í mótinu Sigurvegara í flokki 10 - 13 ára voru: 1. Ágúst Már Þórðarson. 2. Hjálmar Óli Þorvarðarson. 3. Wiktor Tomasz Tómasson.

Sigurvegara í flokki 14 - 16 ára voru: 1. Mikael Máni Freysson, í hans hlut kom líka farandbikar sem stigahæsti einstaklingur í flokki 16 ára og yngri hlýtur. 2. Ágúst Jóhann Ágústsson. 3. Jónas Bragi Hallgrímsson.

Sigurvegara í flokki 17 ára og eldri voru: 1. Magnús Valgeirsson, í hans hlut kom líka farandbikar sem stigahæsti einstaklingur í flokki 17 ára og eldri hlýtur. 2. Guðmundur Ingvi Jóhannsson. 3. Viðar Jónsson.

Ungmennafélagið Þristur vill koma á framfæri þökkum til allra þátttakanda og þeim sem aðstoðuðu við mótið svo og styrktaraðila mótsins Ó. Johnson og KAABER kærlega fyrir aðstoðina.



Frá v. Ágúst Jóhann Ágústsson, Mikael Máni Freysson, Jónas Bragi Hallgrímsson.



Frá v. Viðar Jónsson, Magnús Valgeirsson, Guðmundur Ingvi Jóhannsson.



Frá v. Wiktor Tomasz Tómasson, Hjálmar Óli Þorvarðarson, Ágúst Már Þórðarson



Vegasvín

Af yfirskrift þessari mætti ráða að ný dýrategund væri á kreiki. En svo er ekki, heldur er nafngiftin komin til af því hvernig sumir vegfarendur ganga um, eða öllu heldur hvernig þeir keyra um. Þetta eru oftast ókunnir vegfarendur og þá trúlega þeir sem ferðast með bílum – það skildi þó ekki vera bílstjórnir sjálfir?

Undirritaður hefur um nokkurn tíma fengist við eyðingu minks við Sléttuá í Reyðarfirði og tint reglulega upp rusl við brúna á ánni, en þar hefur borið sérstaklega mikið á að vegasvín fari yfir.

Ætli það sé ekki best, að myndirnar tali sínu máli en að jafnframt sé spurt þeirrar spurningar – “Hver heldurðu að hreinsi upp eftir þig, ef þú gerir það ekki?,”

Helgi Sigfússon



Vormót Fimleika- sambands Íslands


Þann 12. og 13. maí næstkomandi mun fimleikadeild Hattar hafa umsjón með Vormóti Fimleikasambands Íslands í hóp fimleikum.

„Það er mikill heiður að fá að halda stórt mót á vegum Fimleikasambands Íslands og viðurkenning fyrir það starf sem fram fer hjá fimleikadeild Hattar á Egilsstöðum“ segir Auður Vala Gunnarsdóttir, yfirþjálfari fimleikadeildar Hattar.

Fimleikadeild Hattar á von á 570 keppendum alls staðar af landinu. Keppt verður í fjórum flokkum á mótinu: 5. flokkur (9 - 12 ára) 4. flokkur (12 - 14 ára) 3. flokkur (15 - 18 ára) opinn flokkur (18 ára og eldri).

Upplýsingar um tímasetningar á mótinu er að finna á heimasíðunni www.hottur.is/fimleikar

Aðgangseyrir á mótið er 600 kr. fyrir 16 ára og eldri.



Sigurður Óskar Pálsson

*fæddist í Breiðuvík við Borgarfjörð eystri
27. desember 1930.*

Hann lést á Dvalarheimilinu Hlíð 26. apríl 2012.


Sigurður var yngsta barn hjónanna Páls Sveinssonar og Þuríðar Gunnarsdóttur og jafnframt síðasta barnið sem fæddist í Breiðuvík.

Systkini hans sem nú eru látin voru: Sigrún sem lengi var kennari og skólastjóri á Borgarfirði, Daniel bóndi í Geitavík og Þorbjörg húsfreyja að Gilsárvellum. Árið 1938 fluttu foreldrar hans með fjölskylduna til Borgarfjarðar og settust að í Geitavík I þar sem þau hjón bjuggu til dauðadags.

Sigurður kvæntist 12. febrúar 1956 eftirlifandi eiginkonu sinni Jónbjörgu Sesselu Eyjólfsdóttur frá Bjargi á Borgarfirði. Foreldrar hennar voru Eyjólfur Hannesson hreppstjóri og Anna Guðbjörg Helgadóttir húsfreyja.

Sigurður og Jónbjörg reistu sér nýbýlið Skriðuból í landi Geitavíkur, og fluttu þau þangað árið 1959, en fyrstu búskápar ár sín áttu þau í Geitavík 1, þar sem elstu börn þeirra fæddust.

Börn Sigrúðar og Jónbjargar eru: Þuríður f. 1953. Leikskólakennari á Dalvík, maki Víkingur Daníelsson. Þau eiga þrjú börn og sex barnabörn. Anna f. 1954 starfar við Kværndrupkirkju á Fjöni í Danmörku, maki Guðmundur Eiríksson. Þau eiga þrjú börn og fjögur barnabörn. Sigríður f. 1957. Þjónustufulltrúi í þjónustuveri Landsbankans, maki Friðjón Ingi Jóhansson. Eiga þau þrjú börn og tvö barnabörn. Páll f. 1958. Málm-iðnaðarmaður í Reykjavík. Maki Sigrún Bjarnadóttir. Fyrri maki Guðrún M. Þorbergsdóttir lést 1991. Þau eignuðust tvö börn og eiga eitt barnabarn. Sigþrúður f. 1959. Hún er kennari á Fljótsdalshéraði og rekur fjárbúskap ásamt sambýlismanni sínum Þórarni Ragnarsyni í ættjörð hans, Brennistöðum. Þau eiga þrjú börn og eitt barnabarn. Hannes f. 1960. Sölumaður á Akureyri. Maki Hildur Stefánsdóttir. Fyrri kona Hannesar var Guðrún Hulda Heimisdóttir og eiga þau 4 börn. Hannes á 7 barnabörn. Sesselja f. 1962. Leikskólaráðgjafi hjá Akureyrarbæ. Maki Davíð Jens Hall-



Hugleiding

Baráttan um tímann

Það er vel við hæfi á baráttudegi verkalyðsins að skrifa um baráttu, þó hún tengist ekki beint verkalyðsbaráttunni. Síðan ég kláraði mitt nám og byrjaði að eignast börn fyrir 6 árum hef ég þurft að berjast fyrir tíma mínum; tíma til að vinna, tíma til að vera með börnum mínum, tíma til að sofa, tíma til að borða, tíma til að vera með ættingjum og vinum og svo framvegis. Þetta eru ósköp lítil og kannski ómerkileg baráttumál sem engum öðrum en mér finnst merkileg. Eigandi þrjú börn, eitt fyrirtæki og einn mann sem á 3 fyrirtæki, er tíminn oft af skornum skammti og þúslíð við að allt gangi upp er ótrúlegt. Þegar ég var yngri bað ég Guð að lengja helgarnar og stytta vinnuvikuna svo ég fengi meira frí en nú hefur þetta snúist við. Ég bið um lengri vinnuviku svo ég nái að klára öll mín verkefni í vinnunni og innan heimilisins á virkum dögum, þannig að ég geti notið helganna í fríi með börnunum mínum. En vinnuvikurnar eru alltaf eins, og eftir því sem maður eldist, finnst manni þær jafnvel stytta. Kærkomnir frídagar í miðri viku eins og sumar-dagurinn fyrsti, uppstigningadagur og starfsdagar leiksskólanna geta sett vinnuvikurnar úr skorðum og því fara helgarnar í allt annað en notalegt frí með fjölskyldunni.

Íslendingar vinna mikið, við
 Íerum yfirvinnuþjóð, förum ung
 á vinnumarkaðinn miðað við aðrar
 þjóðir, vinnum oftast með námi, og
 margir eru í fleiri en einni vinnu.
 Langflestir vinna einhverja yfir-
 vinnu, stundum af áhuga en oft-
 af nauðsyn. Hér er dýrt að lifa og
 fólk þarf að hamast til að ná endum
 saman. Allur þessi hamangangur,
 yfirvinnan og þúslíð hefur áhrif á
 fjölskyldulífið og samfélagið allt. Ef
 fólk er dag eftir dag aðframkomið
 af þreytu vegna yfirvinnu og álags
 hefur það ekki tíma til að njóta, það
 hefur ekki tíma til að sofa, borða,
 eyða tímum með börnum sínum,
 ættingjum og vinum. Það hefur ekki
 tíma til að taka þátt í lífinu. Þess
 vegna er “tíminn,,, kannski ekki svo
 afleitt baráttumál, bara alveg ógeðs-
 lega erfitt að berjast um hann.

grímsson. Þau eiga tvö börn og eitt barnabarn.

Sigurður nam við Alþýðuskólann á Eiðum á sínum yngri árum og fór síðan í Kennarskólann og lauk þaðan námi 1954. Sama haust gerðist hann kennari við Barnaskólann á Borgarfirði og frá árinu 1966 sinnti hann þar stöðu skólastjóra. Haustið 1971 flutti fjölskyldan í Eiða, þar sem Sigurður tók við stöðu skólastjóra Barnaskólans. Því starfi gegndi hann til ársins 1984, en þá fluttu þau hjón í Egilsstaði þar sem Sigurður tók við stöðu forstöðumanns Héraðsskjalasafns Austfirðinga og þeirri stöðu sinnti hann út starfsævina til ársins 1996. Árið 2000 fluttu þau svo til Akureyrar og keyptu í félagi við dóttur sína og tengdason húsið að Gilsbakkavegi 13. Þar bjuggu þau fram í janúar 2011 er þau fluttu í raðhús við Dvalarheimilið Hlíð. Á vormánuðum 2012 fluttu þau hjónin inn á Dvalarheimilið.

Kennsla, velferð og uppfræðsla barna var Sigurði ætíð hugleikin og kennarastarfinu sinni hann af alúð og næmni. Hann vann árum saman óeigingjarnt starf í þágu ungmenna og æskulýðs. Hann var hagr á íslenska tungu og íslenskan var hans hjartans mál. Ljóðabók hans Austan um land sýnir glögggt hvílíkur orðsins listamaður hann var. Eftir hann liggja líka ýmsar greinar og sögur, sem birst hafa í tímaritum, bókum og héraðsblöðum í gegnum tíðina.

Leiklist var honum í blóð borin og fyrr á árum fór hann oft með minni og stærri hlutverk í sýningum á sviði, bæði á Borgarfirði og síðar á Egilsstöðum.

Útför Sigurðar Óskars fer fram í kyrrþey
að hans ósk, og jarðsett verður á Borgarfirði
eystra.

Þeim sem vilja minnast hans er bent á að láta SOS- barnaborpin njóta þess.

Reikn. 0130-26-9049 kt. 500289-2529

FUNDIR OG MANNFAGNAÐIR

A.A. fundir Austurlandi
Fáskrúðsfjörður: Ráðhúskjallari föstud. kl. 20:30.
Stöðvarfjörður: Þjónustusími: 848 0301 og 892 7635.
Egilsstaðir: Furuvellir 10 þriðjud. kl. 20:00 (spor), föstud. kl. 20:00, laugard. kl. 22:00, sunnud. kl. 20:00. Þjónustusími 898 3910.
Eskifjörður: Kirkjumiðstöðin laugardaga kl. 20:30.
Neskaupstaður: Mýrinni, Mýrargötu 8 þriðjud. kl. 20:30,
Safnaðarheimilið föstudaga kl. 20:30.
Reyðarfjörður: Þriðjud. kl. 20:00 í safnaðarheimilinu.

KIRKJUSTARF

Helgihald í Austurlandsprófastsdæmi 6. – 12. maí

6. maí (fjórði sunnudagur eftir páska)



Seyðisfjardarkirkja:
Guðsþjónusta kl. 14:00



Egilsstaðaprestakall:
Safnaðarheimilið Hörgsási 4 Foreldramorgnar á mánudögum og miðvikudögum kl. 10 - 12 Kyrrðarstund alla mánudaga kl. 18. Sóknarprestur til viðtals á þriðjudögum og fimmtudögum 10:30 - 12:00 og á miðvikudögum 13:00 - 14:30 og eftir samkomulagi



Kirkjuselið í Fellabæ:
Opíð hús alla miðvikudaga kl. 16.00 - 18:00.
Allir velkomnir.



www.kirkjan.is/austurland



www.akurinn.is

Velkomin til Akureyrar

Akurinn

Gistiheimili

Brekkugötu 27a - Akureyri - Sími 461 2500
akurinn@akurinn.is - www.akurinn.is



ÁSKRIFTA OG AUGLÝSINGASÍMI

auglysing@austurglugginn.is
Síma 477-1571.

FLUTNINGAR



Eimskip Austurland – Afgreiðslur:
Reyðarfjörður, Eskifjörður, Fáskrúðsfjörður, Stöðvarfjörður, Breiðdalsvík: 525 7973
Egilsstaðir: 525 7970
Neskaupstaður: 525 7974
Djúpivogur: 525 7966
Hornafjörður: 525 7978
Eimskip Mjóeyrarhöfn: 525 7960

MARKAÐUR



Miðás 7 · sími 471 3002
Opíð virka daga 10 - 18 - Laugard. 13 - 15

BÍLA- OG VÉLAVERKSTÆÐI



Bíla- og vélaverkstæði
Rafverktakar- Rafeindapjónusta
Rafvélaþjónusta • 8:00 til 18:00

GLERAUGU/ÚR/SKART



Gleraugnaþjónusta, gullsmíði & úrsmíði
Miðvangur 2-4 - Egilsstaðir - s. 471 2020
Búðareyri 15 - Reyðarfjörður - s. 474 1234
Gsm 692-9990

BÓKHALD



Bókhalds- og skattapjónusta.
s. 471 1171 • www.skrifa.is

INNANSTOKKS



Miðási 9 • Egilsstaðir • Sími: 470-1600



Vilt þú verða umræðuhæfur á kaffistofunni?
Trygðu þér áskrift að fréttablaði austfirðinga

Skopmynd vikunnar - Vísnaðarn - Austfyrsk malefni krufin til mersjar - Menningar- viðburðir - Íþróttir - Sérblöð - Fréttabréf Fljótsdalshéraðs - Fréttabréf Fjarðabyggðá. Veljum austfyrskt alla leið...



HÁR & SNYRTING



Opíð virka daga 9:00 - 17:00



Dynskógar 4, Egilsstöðum
sími 471 1331
Opnum alla virka daga kl. 9

VEITINGAHÚS

Brekkan Stöðvarfirði
Verslun, veitingar og gjafavara
Mánudaga - föstudaga kl. 09:30 - 22:00,
laugard., kl. 10:00 - 22:00, sunnud. kl. 11:00 - 20:00, sími 475 8939.



Gisti- og veitingahús
Búðargötu 4 Reyðarfirði · Sími 470 5555
Í PIZZUM ERUM VIÐ BETRI



www.egilsstadir.com • sími 471 1114
Hótelíð við Fljótið
Eldhúsið opið alla daga 12 til 21



Góður veitingastaður
með fjölbreyttum matseðli
Veisluþjónusta: Barnaafmæli, pizzur og fl. Veislur fyrir stærri hópa. Bolti í beinni á 100“ breiðtjaldi og 50“ sjónvarpi. Kaffihusid.is/ Facebook.com
Sími: 476-1150 • GSM: 894-6606



Mán-Fös: 07.30 – 17.30
Laugardaga: 09.00 – 16.00
-FYRIRTÆKJAPJÓNUSTA-
Sími: 475-8000

ÞVOTTAHÚS



Opíð 7 - 12 og 13 - 17 · 474-1274

BIFREIÐAÞJÓNUSTA



Bílaverkstæði Austurlands
Bílaverkstæði/bílasala
Opíð mán.-fim. Kl. 8 - 18 - Fös kl. 8 - 17
Sími 470 5070



Réttingar og sprautun
Framrúðuskipti
Bílaaleiga.
Opíð virka daga kl. 8 - 18



Smiðjusel 5 · Fellabæ
700 Egilsstaðir · s: 471 1696



Opíð mánud.-föstud. kl. 8 - 12 og 13 - 18
Lyngás 5 · 700 Egilsstaðir · sími 471 3113



Bifreiðaverkstæði
Mán. - fim. 8 - 18 · Fös. 8 - 16.
Sími 414-9420

TRYGGINGAR/ÖRYGGI

SJÓVÁ

440 2400

Sjóvá · Miðvangi 1 · 700 Egilsstöðum
Opíð 8:30 - 16:30 alla virka daga.

VERSLUN



Verslunin LV
Samkaup, 2 hæð, Eskifirði.
Fatnaður, skart, fylgihlutir og heimilis- munir - íslenskt og erlent. Hægt að fylgj- ast með og panta í gegnum:facebook. com/lv.solusidan. Pantanir afgreiðast samdægurs, frí sending á öllum vörum, alltaf.

Fastur opnunartími:
þriðjud., fimmtud og föstud. frá 16 – 18
Sími 846-8244
Verið velkomin

Ert þú með fréttaskot eða viltu koma viðburði á framfæri?
Hringdu í fréttasíma
Austurgluggans 867-2151

Frá Golfklúbbi Seyðisfjarðar GSF

Lávarðar og riddarar GSF á faraldsfæti

Hagavöllur, Golfklúbbs Seyðisfjarðar 9 holur, liggur innst í fjarðarbotninum umvafinn háum fjöllum með góðu útsýni yfir bæinn. Snyrtilegur golfskáli er við völinn en úr honum sést yfir nær allar brautir vallarins. Það fyrsta sem mætir gestum er þeir koma niður Fjarðarheiðina á leið til Seyðisfjarðar er golfskálinn og Hagavöllur ofan vegar, á vinstri hönd, og Fjarðaráin sem rennur hljóðlítill en glettin neðan vegar og áfram gegnum bæinn á leið til sjávar. Gestum og gangandi golfurum er frjálst að spila völinn gegn mjög svo vægu gjaldi. Hann er „ljúfur á löppina“ og akfær. Formaður GSF er Páll Þór Guðjónsson en vallarstjóri Jóhann Stefánsson.

GSF er ungur golfklúbbur með um 55 meðlimi. Klúbbfélagar hafa verið duglegir að vinna sjálfböðavinnu

við völinn sinn og skálann. Sterkur kjarni klúbbfélaga, sem skiptist í tvær deildir, Lávarða 60 ára og eldri og Riddarar yngri en 60 ára, halda vel hópinn jafnt vetur sem sumar. Þeirra félagsheimili er golfskálinn. Árlengt lokamót þeirra félaga að hausti eru Lávarðaleikar GSF. Þar skora Lávarðar, Riddarana á hölm, í djarfan 19 holu golfleik þar sem leikið er grimmt sóknargolf og snjallt varnargolf að hætti landnámsmanna Seyðisfjarðar þeirra Bjólfs og Ísólfs Bjólfssonar. Leikunum lýkur svo með glæstri öl og kjötkveðjuhátið þar sem veittar eru viðurkenningar fyrir framgönguna. Nokkur sl. vor hafa þeir félagar farið saman í léttar æfingaferðir á erlenda grundu. Oftast til Spánar. Nú er ein slík vorferð að hefjast 2. maí nk. 10 daga ferð til

suður Spánar á Andalusía svæðið sem er mesta vínræktarhérað á Spáni. Venjan er að Lávarðar og Riddarar GSF sérklæðast allir merktum golfskyrtum við leik erlendis. Mælist það vel fyrir og eftir því er tekið. Ennfremur finnst mörgum þeir lifga upp á umhverfið þar niður frá með nærveru sinni og það finnst þeim sko í góðu lagi. 5 Lávarðar og 5 Riddarar ásamt fylgdarliði mæta nú til leiks þar suður frá. Mikil eftirvænting

ríkir og er undirbúningi lokið nema hvað eftir er að ganga endanlega frá niðurröðun í herbergi. Allnokkur aðsókn golfara úr öðrum klúbbum er að komast í æfingaferðir með þeim félögum. Reynt er að stilla þeirri þátttöku í hóf. Fararstjóri er formaður Riddara GSF Ómar Bogason og siðameistari er Yfir-Lávarður Jón Magnússon.

Seyðisfirði: Formaður Lávarða GSF Þorvaldur Jóhannsson.



Hvílíkt snilldarverk er maðurinn

Sigurður Skúlason í samstarfi við Menningar- miðstöðina o.fl. ferðast um Austurland í maí með leikhópnum Leikur einn land undir fót með sýninguna Hvílíkt snilldarverk er maðurinn.

Seyðisfirði 3. maí, Reyðarfirði 4. maí, Egilsstöðum 5. maí, Djúpavogi 6. maí og Höfn í Hornafirði 7. maí.

Hvílíkt snilldarverk er maðurinn! er einleikur eftir Sigurð Skúlason og Benedikt Árnason, byggður á höfundarverki Williams Shakespeare, sem Helgi Hálfðanarson hefur þýtt. Sigurður leikur og Benedikt leikstýrir, en þeir eiga báðir langan feril að baki í leikhúsi, lengst af í Þjóðleikhúsinu.

Listahátíðin LIST ÁN LANDAMÆRA

5. maí kl. 14:00 í Bragganum

Markmið hátíðarinnar er fjölbreytni, að sjá tækifæri ekki takmarkanir, það er allra hagar.

Við viljum koma list fólks með fötlun á framfæri og koma á samstarfi á milli fatlaðs og ófatlaðs listafólks. Sýnileiki ólíkra einstaklinga er mikilvægur, bæði í samfélaginu og í samfélagsumræðunni. Sýnileiki hefur bein áhrif á jafnrétti á öllum sviðum.

Margrét M. Norðdahl framkvæmdastýra Listar án landamæra setur hátíðina, stundvíslega kl. 14:00. Kynnir verður Stefán Bogi Sveinsson, forseti bæjarstjórnar. Sveinn Snorri Sveinsson flytur ljóð, Sögustund - Matthías Þór Sverrisson, Krummakórinn, Krummakvartett og krummadans – nemendur leikskólans Tjarnarlands, félagar frá eldri borgurum og einstaklingar frá Stólpa túlka krumma í dansi, hreyfingu og söng. slaturhusid.is

5. maí.

Kirkjukór Húsavíkur verður með tónleika klukkan 17:00. Miðaverð 1.500 kr.



Tónlistarmiðstöð Austurlands

6. maí.

Einn fremsti harmonikkuleikari Íslands, Jón Þorsteinn Reynisson, verður með tónleika kl. 17. Miðaverð 1.500 kr.

10. maí.

Coney Island Babies fylgir eftir nýrri plötu með tónleikum. Tónleikar hefjast kl. 21. Miðaverð 1.500

Nánar á tonleikahus.is

Sýningar í gangi:

HÝSI 1

Vesturveggur- Þórunn Eymundardóttir

Skáskegg á VHS + CD

Aðalsalur - Myndlistanemendur Listaháskóla Íslands

OPNUNARTÍMI SKAFTFELLS:

Þriðjudaga til föstudaga frá kl. 13 - 16 • föstudaga og laugardaga frá kl. 17 - 21

- og eftir samkomulagi.

skaffteffell.is



Þungir þankar

Iðrun eða forherðing

Sigurjón Bjarnason skrifar:

Þeir sem stórt hlutverk léku í landsmálunum á árunum fyrir hrún eiga það sameiginlegt að neita sök. Þeir segjast ymist hafa staðið utan við atburðarásina eða lagt sig alla fram, gert sitt besta.

Rífast þá upp hvaða leið menn gátu farið á fyrri öldum til að hreinsa sig af syndum sínum, áður en siðbótin tók völdin og fólk fór að trúá á náð Drottins, alveg sama hvernig fólk hagaði sér í þessum heimi. En til þess að öðlast aftur samfélag með kristilega þenkjandi fólki þurfti í kaþólskunni að stíga þrjú skref til endurlausnar.

1. **Iðrun.** Ef þér hafði orðið á í messunni var fyrsta skilyrði að iðrast. Ekki bara með því að segja „æ fyrirgefðu, ég meinti það ekki svona“, heldur að iðrast í hjarta þínu, sárlega. Þú varst bara ómögulegur maður og áttir ekkert gott skilið. Leist ekki upp á nokkurn mann öðru vísi en grátbólgin yfir misgjörðum þínum.

2. **Játning.** Næsta skref var að játa syndir sínar. Og þá mátti nú ekki draga úr hlutunum. Það var ekki nóg að játa eina synd og sleppa öðrum. Þú varðst að tína allt til sem þú mögulega hafðir brotið gegn samferðafólki þínu. Til öryggis var vissara að játa syndir sem þú mundir ekki almennilega eftir, en gætu þó hafa hent þig, líka ef einhver þér nákominn hafði gert eitthvað af sér og þú hugsanlega gast borið ábyrgð á. Þetta hét að skrifta og var mikilvægt fyrir sálina.

3. **Yfirbót.** Þegar allar hugsanlegar syndir, sannar og lognar, höfðu verið meðgengnar og viðkomandi umboðsmaður almættisins hafði kvittað fyrir þær hófst loks sjálft refsistigið. Og það fólst ekki í því að neinn utanaðkomandi beitti þvingunaraðgerðum. Nei, þú varðst að gjalda misgjörða þinna ótilkvaddur. Ríkir menn létu eftir hluta af eignum sínum, aðrir stunduðu góðverk, gengu í klaustur, eða settu sjálfan sig upp á vatn og brauð vikum saman. Þeim mun meiri sem þjáningin var, því öruggari varðstu um að komast aftur í tölu sáluhólpinna.

Þetta var nú þá og kannski erfitt að ætlast til að nútímamaðurinn gangi þá refilstigu, sem syndugum manni var ætlað í kaþólskunni. En þeir vildu leggja eitt og annað á sig til að gista himnaríki á meðan okkur núlifandi er alveg sama þó við förum til helvítis.

Í dag gilda sem sagt önnur lög. Lögmál forherðingarinnar. Svo lengi sem einhver dómstóll hefur ekki fundið þig sannan að sök, þrætirðu. Auðmjúkir og sannleiksleitandi gerendur finnast engir í þeim hópi sem stýrði efnahagslífi og landsmálum á Íslandi árin 2002-2008. Sjálfsánægjan og óbilgirnin einkennir allt þeirra æði.

En væri nú ekki hugsanlegt að þeir sem í dag neita að sýna nokkra auðmýkt verði dæmdir til auðmýkingar af dómstóli götunnar og sögunnar, jafnvel þó réttvísi samtíðarinnar finni hjá þeim enga sök.



STOLT ÍSLENSKRAR NÁTTÚRU
ÍSLENSKT HEIÐALAMB

MEÐ VILLTUM ÍSLENSKUM KRYDDJURTUM
BLÓÐBERG · BIRKILAUF · AÐALBLÁBERJALYNG · EINIR



VELDU GÆÐI
VELDU KJARNAFÆÐI

www.kjarnafoedi.is